DREAMLINER

*Afþreyingarmiðstöð í háloftunum*

græjur fasteignir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




KIMONO

*Heimsfrægð í kjallaranum hjá Jóa Fel*

Bakarinn ánægður með nágrannana

FÓLK 30



NÝNASISTAR

*Ástin á Íslandi dvínar ekki*

Íhuga fjárfestingar hér á landi

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júní 2007 — 170. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MÁNUDAGUR

### Bítill í myndum

Árin sem Paul McCartney hefur verið fyrir framan myndavélina.

FÓLK 22



### Faðernið staðfest



Mel B fékk það loksins staðfest að Eddie Murphy væri pabbi Angel.

FÓLK 20

### Skyggndar merkur Sigfúsar

Rit Þorsteins Þorsteinssonar um ljóð Sigfúsar Daðasonar ritdæmt.

MENNING 19

### Hreiðar til Svíþjóðar

Hreiðar Guðmundsson, landsliðsmarkvörður í handbolta, hefur samið við sænska liðið Sävehof.

ÍÞRÓTTIR 24



### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMA EN MILT** Í morgunsárið og fram undir hádegi má búast við smá úrkomu á Suðvesturlandi og svo á Austurlandi seinnipartinn og í kvöld. Hiti á bilinu 10-16 stig og hæg norðlæg átt um allt land.

VEÐUR 4




# Útgerðir komi meira að hafrannsóknum

**Útgerðarmenn vilja í auknum mæli koma að hafrannsóknum og ákvarðanatökum í sambandi við sjávarútveginn. Auknum greiðslum fylgi aukin ábyrgð.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég tel það klárt að atvinnugreinin þurfi að koma miklu meira að bæði rannsóknum og ákvörðunum um heildarafla. Ég held að það fari best að þeir sem eigi mestra hagsmuna að gæta komi meira að rannsóknunum,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Háskóla Íslands, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að nauðsynlegt væri að gera þjóðarátak í hafrannsóknum. Til að standa vel að slíkum rannsóknum þyrfti að veita 70-100 milljónum króna á ári í þorskrannsóknir og milljarði í hafrannsóknir.

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, segir það athugandi að útgerðarmenn komi með auknum hætti að kostun hafrannsókna. „Það þarf að auka fé í hafrannsóknir og líka þær rannsóknir sem Hafrannsóknastofnun hefur verið að gera, bæði af fjárlögum og með aðkomu útgerðarmanna.“

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims hf., segir það sjálfsagt að útgerðin sé þátttakandi í rannsóknunum. „Það má þó ekki vera þannig að útgerðin eigi bara að borga og ekki koma nálægt neinu, þá verður enginn árangur. En ef atvinnulífið og vísindasamfélagið geta unnið saman þá er það hið besta mál,“ segir Guðmundur.

Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir það spurningu hverjir munu njóta góðs af þessari auknu þekkingu til lengri tíma. „Sumir hafa talað um að þegar þorskstofninn fer að hjarna við aftur þá fari sú aukning til einhverra annarra en þeirra sem eru með kvótaheimildirnar núna.“ - lbb / sjá síðu 8



**URRDAN BÍTTANN** Hundaræktarfélag Íslands stóð fyrir hundasýningu í Reiðhöll Fáks í Víðidal um helgina. Tæplega 640 hundar af 75 tegundum tóku þátt í henni og komu dómarar frá Rússlandi, Portúgal, Möltu og Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hleypa þurfti í hollum í Hvalfjarðargöngin vegna gríðarlegrar umferðar í bæinn:

# Aldrei séð aðra eins bílalest

**UMFERÐ** „Ég hef aldrei séð annað eins,“ segir Eyþór Friðriksson, gangavörður í gjaldskýli Hvalfjarðarganganna, um bílalestina sem silaðist í átt að borginni í gærkvöldi. Bílalestin var óslitin frá Grundartanga til Reykjavíkur í á þriðju klukkustund.

Grípa þurfti til þess ráðs að hleypa umferðinni í gegnum göngin í hollum af öryggisástæðum, til að fólk sæti ekki of lengi fast í göngunum. „Þetta er mjög undarlegt,“ segir Eyþór. „Þetta er í fyrsta sinn í sumar sem við höfum þurft að gera þetta. Við gerðum þetta einu sinni í fyrra minnir mig.“

Byrjað var að loka með hléum klukkan sex og var viðbúið að ástandið myndi vara til klukkan níu hið minnsta.

Eyþór segir tjaldvagna, fellihýsi og aðra tengivagna eiga stóran þátt í lestinni sem myndaðist. „Já, það lengir lestina auðvitað mikið þegar annar hver bíll er með aftanívagn.“ Verðirnir fylgdust með umferðinni við hinn gangamunnann í gegnum öryggismyndavél. „Þar var fólk farið að leggja húsbýlunum úti í kanti og setjast út að fá sér kaffi,“ segir Eyþór.

Einnig var þung umferð til borgarinnar um Suðurlandsveg. Að sögn lögreglu gekk öll umferð að mestu áfallalaust fyrir sig. - sh








**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Landsliðsfyrirliðinn talaði til ungmennanna á lokahófi Alþjóðaleikanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ungmenni í Laugardal:

## Alþjóðaleikum lauk í gær

**ÍÞRÓTTIR** Alþjóðaleikum ungmenna lauk í gær með lokaathöfn þar sem verndari leikanna, fótboltamaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen, kom fram. Um er að ræða fjölmennasta alþjóðlega íþróttaviðburð sem haldinn hefur verið á Íslandi.

Um tólf hundruð keppendur á aldrinum 12-15 ára komu til landsins og kepptu meðal annars í frjálsum íþróttum, sundi, knattspyrnu, badminton og golfi.

Markmið leikanna er að þróa skilning og vináttu á milli barna frá ólíkum löndum og kenna þeim þá hugmyndafræði sem Ólympíuleikarnir byggjast á. - bor

Danir um nýjan sáttmála ESB:

## Meirihluti vill greiða atkvæði

**DANMÖRK, BT** Mikill meirihluti Dana vill að ákvörðun um nýjan sáttmála Evrópusambandsins verði tekin með þjóðaratkvæðagreiðslu. Sjötíu prósent Dana voru á þessari skoðun, nítján prósent töldu ekki þörf á atkvæðagreiðslu og hlutlausir voru ellefu prósent.

Í viðtali við Berlingske Tidende sagði Rune Lund í Einingarlistanum þessar niðurstöður ekki efa kost á öðru en að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. „Það er ekki einungis vegna kröfu fólksins um atkvæðagreiðslu heldur líka vegna þess að samningurinn felur í sér að Evrópusambandið öðlast meira vald á meðan völd sérhvers lands minnka.“ - bor

Nýtt þýðingarforrit í bígerð:

## Þýðir íslensku yfir á ensku

**TÆKNI** Alnet hefur hannað forrit sem þýðir heilu setningarnar, greinarnar og jafnvel bækurnar setningafræðilega rétt úr íslensku yfir í ensku.



**MATTHÍAS SIGURÐUR MAGNÚSSON**

Að sögn Matthíasar Sigurðar Magnússonar, starfsmanns Alnets, getur forritið aðeins þýtt úr íslensku í ensku enn sem komið er en ekki öfugt.

Reiknað er með að fyrsta útgáfa af þýðingarforritinu verði tilbúin á næsta ári og verði þá aðgengileg á netinu. - sg / sjá allt í miðju blaðsins

## SPURNING DAGSINS



*Magnús, hvað er næst?*

„Ég er ekki með meirapróf eða vinnuvélaréttindi. En ætli þetta sé ekki komið nóg.“

Magnús Páll Albertsson, bæklunar- og handaskurðlæknir, útskrifaðist nýverið með MA-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, 54 ára að aldri.

Litháskur karlmaður höfuðkúpubrotnaði í átökum við hóp samlanda sinna:

# Í öndunarvél eftir vopnuð átök

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur litháskur karlmaður liggur höfuðkúpubrotinn á gjörgæsludeild eftir að hafa verið barinn í höfuðið með barefli á heimili sínu í fyrrinótt. Sex samlandar hans voru handteknir vegna málsins og yfirheyrðir í allan gærdag.

Maðurinn gekkst undir aðgerð í gær og er nú haldið sofandi í öndunarvél. Hann var staddur í samkvæmi á heimili sínu í Bökkunum í Breiðholti í fyrrinótt. Þar var ráðist á hann á fjórða tímanum. Þegar lögreglan kom á staðinn voru árásarmennirnir á bak og burt en samkvæmisgestir gátu vísað lögreglu á stað þar sem þá kynni að vera að finna. Þeir voru handteknir skömmu síðar.



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Aðdragandi eða ástæður átakanna eru ókunn. Vonast er til að yfirheyrslur yfir mönnunum leiði sannleikann í ljós.

Einn þeirra hafði verið stunginn í bakið í átökunum með óþekktu áhaldi, en sárin voru grunn og var hann útskrifaður af slysadeild að lokinni aðhlynningu. Hann var síðan sendur aftur á slysadeild síðar um daginn eftir að meiðsl á handlegg hans uppgötvuðust.

Sexmenningarnir voru yfirheyrðir í allan gærdag og fram eftir kvöldi með aðstoð túlks. Einnig voru teknar skýrslur af fjölda vitna. Aðdragandi og ástæður árásarinnar eru ókunn en ekki er útilokað að fleiri hafi átt hlut að máli en Lithárnir sjö. **- sh**

Kona í Bandaríkjunum:

## Lét hundinn sinn kjósa

**BANDARÍKIN** Öldruð kona í Bandaríkjunum á yfir höfði sér refsingu fyrir að skrá hundinn sinn til að kjósa og fylla út utankjörfundaratkvæði fyrir hann.

Konan vildi sýna fram á að ný lög væru þess valdandi að of auðvelt væri að skrá sig til að kjósa. Hún hringdi því og pantaði kjörseðil á nafni Duncan M. MacDonald, hundsins síns.

Hundurinn kaus í raun ekki, því konan skrifaði „ógilt“ á atkvæðið hans og merkti það svo með loppufari hundsins. Loppufarið vakti athygli kjörstjórnar sem komst að hinu sanna. **- sgj**



**Á VETTVANGI** Slökkvistarf stóð í hálfan sólarhring og á áttunda tug manna komu að því. FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

Mosabruni slökktur í fyrrinótt:

## Gruna kolagrill

**SLÖKKVILIÐ** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins réð niðurlögum mosabruna á Miðdalsheiði á Hengilssvæðinu um klukkan tvö í fyrrinótt. Þá höfðu á áttunda tug slökkviliðsmanna, björgunarsveitarmanna og borgarstarfsmanna barist við eldinn í um hálfan sólarhring.

Um fimmtán hektarar lands, þaktir mosa og lyngi, urðu eldinum að bráð. Skoða á svæðið eftir helgi og kanna áhrif brunans á lífríki. Ekki liggur fyrir hvað olli brunanum, sem er einn sá mesti sem orðið hefur í námunda við höfuðborgarsvæðið, en ekki er talið útilokað að sökudólgurinn sé einnota grill sem skilið var eftir á víðavangi. **- sh**

Norsk umhverfisstefna:

## Kolefnisjöfnuði náð fyrir 2050

**ÓSLÓ, AP Norska ríkisstjórnin kynnti fyrir helgi áform um að draga svo mikið úr losun gróðurhúsalofttegunda í landinu á næstu áratugum, að fyrir árið 2050 yrði fullum „kolefnisjöfnuði“ náð.**

**Meðal aðgerða sem stjórnin boðar í þessum tilgangi er að auka fjárfestingar í orkusparnaðarlausnum og endurnýjanlegum orkugjöfum um sem nemur allt að 100 milljörðum íslenskra króna fram til ársins 2012.**

**Helmingi niðurskurðarins hyggjast stjórnvöld ná með kaupum á losunarkvóta.** **- aa**

# Einkadans bannaður

**Ný lög um skemmtanahald taka gildi 1. júlí. Nektardanssýningar verða bannaðar, nema að fenginni undanþágu. Einkadans verður með öllu óheimill. „Atlaga gegn mansali, vændi og klámi,“ segir þingmaður Vinstri grænna.**

**STJÓRNMÁL** Einkadans verður bannaður með öllu og nektardans aðeins leyfilegur að fenginni undanþágu frá og með 1. júlí.

„Þessar nektarbúllur eru gróðrastía mansals, vændis og kláms og þessi lög eru atlaga gegn því,“ segir Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna.

Ný lög, sem meðal annars fjalla um nektardansstaði, voru samþykkt frá Alþingi í mars. Flutningsmaður frumvarpsins var þáverandi samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson.



**ÁSGEIR DAVÍÐSSON**



**ATLI GÍSLASON**

„Meginreglan er sú að allir staðir sem gera út á klám og annað slíkt eru bannaðir, nektarstaðir og súlustaðir,“ segir Atli. „Það er nýmæli og gengur yfir alla.“

Í lögunum segir að óheimilt sé að bjóða upp á nektarsýningar eða gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða gesta.

Hins vegar megi veita rekstrarleyfi að fengnum umsögnum frá sveitarstjórn, heilbrigðisnefnd, slökkviliði, vinnueftirliti, byggingarfulltrúa og lögreglu.

„Þetta er bara eins og alltaf hefur verið, maður hefur þurft að fá leyfi frá öllum aðilum,“ segir Ásgeir Davíðsson, eigandi Goldfinger í Kópavogi.

„Ég er hættur að vera með á nótunum í þessum málum, það er alltaf verið að breyta þessu eitthvað og mér sýnist að í hvert einasta skipti sé einhver breyting hefur verið hafi hún bara verið til hins verra,“ segir Ásgeir.





**CLUB ÓÐAL** Með nýju lögunum verður nektardans ólöglegur, nema að undanþága fáist. Einkadans verður með öllu óheimill.

Með lögunum verður óheimilt fyrir dansara að „fara um meðal áhorfenda“ og einkasýningar verða jafnframt bannaðar. Á Goldfinger er boðið upp á danssýningar í klefum, sem lokaðir eru af með tjöldum.

Ásgeir segist ekki vera viss um að í þessu sé falið bann við sýningum fyrir einn viðskiptavin bak við tjald. „Það er talað um áhorfendur í fleirtölu, ekki eintölu. Ég veit það ekki, ég þarf að skoða þetta mál,“ segir Ásgeir.

„Ég átta mig bara ekki á því af hverju það er verið að banna einkadans og af hverju er verið að lögleiða vændi. Mér finnst þeir eiginlega ekki hafa hugmynd um í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Mér finnst þetta allt vera komið út í hálfgerðan vitleysisgang,“ segir Ásgeir.

„Ég er sjálfsagt alltaf á einhverju gráu svæði, en ég hef ekki verið að gera neitt ólöglegt,“ segir Ásgeir. **steindor@frettabladid.is**

### ÚR 4. GREIN LAGA UM SKEMMTANAHALD

Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila skv. 10. gr. Á slíkum stöðum er sýnendum óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar.

Sprenging í Líbanon:

## Fimm friðargæsluliðar létust

**LÍBANON, AP Fimm spænskir friðargæsluliðar frá Sameinuðu þjóðunum fórust í sprengingu í gær í suðurhluta Líbanon. Þrír aðrir særðust.**

**Bráðabirgðaherlið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL, staðfesti að sprengingin hefði verið af mannavöldum. Jarðsprengja eða hryðjuverk eru talin líklegustu orsakirnar.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem ráðist er á sveitir UNIFIL síðan þær voru styrktar í kjölfar innrásar Ísraelshers í landið síðasta sumar. Alls 13 þúsund hermenn frá 30 þjóðum SÞ og 15 þúsund líbanskir hermenn verja svæðið við landamæri ríkjanna.** **- sgj**

Fuglaflensuveiran aftur á kreik:

## Veiran fannst í dauðum fuglum

**ÞÝSKALAND, AP** Sjö dauðir fuglar greindust með fuglaflensuveiruna H5N1 í Bæjaralandi um helgina og hafa þýsk yfirvöld varað fólk við því að hleypa hundum sínum lausum. Þetta er í fyrsta skipti á þessu ári sem veiran greinist í landinu. Í fyrra greindist fuglaflensa í þrettán Evrópulöndum og fyrr í þessum mánuði greindist hún á bóndabæ í Tékklandi og var sex þúsund kalkúnum slátrað þar.

H5N1-veiran hefur drepið um 190 manns um allan heim en flestir hinna látnu smituðust af fuglum í Asíu. Sérfræðingar óttast að veiran gæti stökkbreyst þannig að hún smitaðist auðveldlega á milli manna. **- bor**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tíu ára varð fyrir heybindivél**

Tíu ára piltur varð fyrir heybindivél á Höfn í Hornafirði í gær og hlaut við það áverka á höfði. Hann var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Ekki er talið að hann hafi slasast alvarlega.

BÍLL DAGSINS
SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 04.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 82 þús. km.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

20 milljónir drykkjarumbúða á ári skila sér ekki á móttökustöðvar:

# 200 milljónum hent á haugana

**IÐNAÐUR** Á hverju ári skila 15 til 20 prósent eintaka af seldum drykkjarumbúðum sér ekki á móttökustöðvar. Í kringum 87 milljónir drykkjareintaka skiluðu sér í Endurvinnsluna á síðasta ári. Það þýðir að um 20 milljónir eintaka verða eftir. Flest af því endar líklega á sorphaugunum eða eyðingarstöðvunum en þónokkur hluti fer samt út í náttúruna. Skilagjaldið er 10 krónur og því missa neytendur af 200 milljónum króna í vasann.

Eiríkur Jónsson, skrifstofustjóri hjá Endurvinnslunni, telur að þegar efnahagsástandið sé gott verði minna um skil en þau aukist þegar harðnar í ári. Mikilvægt sé að drykkjarumbúðunum sé skilað til baka.

„Þetta tekur mikið landrými, plastið er sérstaklega rúmmálsfrekt og glerið er þungt. Hugsanlega gæti sorphirðugjaldið lækkað með betri skilum.“

Endurvinnslan er eina fyrirtækið hérlendis sem tekur við einnota drykkjarumbúðum til að endurvinna þær. Öllum drykkjarumbúðum sem skilað er til móttökustöðva, svo sem Sorpu, er skilað þangað. Móttökustöðvar eru víða á landinu og á heimasíðu Endurvinnslunnar, endurvinnslan.is, sést hvar þær er að finna. **- pal**



**Í ENDURVINNSLUNNI** Plastið er þjappað saman og það sent út. Þar er það tætt í flögur og úr því búin til teppi og flíspeysur.

SIMPLY CLEVER

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480

# Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN




## **Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

**Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur**

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

**GENGIÐ 22.06.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,24 | 62,54 |
| Sterlingspund | 124,22 | 124,82 |
| Evra | 83,55 | 84,01 |
| Dönsk króna | 11,222 | 11,288 |
| Norsk króna | 10,458 | 10,520 |
| Sænsk króna | 9,021 | 9,073 |
| Japanskt jen | 0,5014 | 0,5044 |
| SDR | 94,00 | 94,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 113,7954

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bankar hækka vexti þótt Seðlabankinn hafi ekki hækkað á þessu ári:

# Verðtryggðir vextir hækka

**VIÐSKIPTI** Bankarnir hafa hækkað verðtryggða vexti um tvö prósent frá áramótum. Samt hefur Seðlabankinn ekki hækkað stýrivexti sína síðan í lok desember.

Kristján Óskarsson hjá Glitni og Friðrik S. Halldórsson hjá Kaupþingi segja þessar hækkanir á verðtryggðum vöxtum vera afleiðing af stýrivaxtahækkunum Seðlabankans. Hækkanir Seðlabankans taki lengri tíma að hafa áhrif á verðtryggða vexti en óverðtryggða. Óverðtryggðir vextir fylgja beint vöxtum Seðlabankans sem eru einnig óverðtryggðir.

„Þegar verðbólga lækkar eins og hefur gerst núna er orðið óhagstætt að vera með verðtryggð innlán. Því hækka þau svo að innistæðueigendur verði ekki óánægðir og fari eitthvert annað," segir Friðrik. Þá þurfi að hækka útlánsvextina til að halda jafnvægi. „Annars taka menn verðtryggð lán og setja þau inn á óverðtryggðar bækur," segir Friðrik. „Þetta eru mest stórir aðilar sem spá í þetta og leita að tækifærum til að hagnast. Við reynum með þessum vaxtahækkunum að halda aftur af spákaupmönnunum sem eru að spila á kerfið." - pal



**VAXTAHÆKKANIR BANKANNA** Verðtryggðir vextir gætu hækkað enn frekar lækki verðbólgan sem er markmið Seðlabankans.

Húsleit lögreglu:

# Fíkniefni fundust í Grafarvogi

**LÖGREGLUMÁL Fíkniefni fundust í húsnæði í Grafarvogi á fimmtudagskvöld. Um var að ræða lítilræði af hvítu efni í neyslusskömmtum, sem er talið vera amfetamín eða kókaín.**

**Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gerði húsleit á staðnum á grundvelli úrskurðar, þar sem leitin var heimiluð. Var farið inn í híbýlin um kvöldmatarleytið. Þar var fyrir einn maður, tæplega þrítugur, sem var tekinn í skýrslutöku eftir að efnin fundust. Niðurstöður greiningar voru ekki fyrirliggjandi við vinnslu fréttarinnar.** - jss




**FJALLABAKSLEIÐ-SYÐRI ENN LOKUÐ** Hefur verið opnuð um miðjan júní að meðaltali síðustu ár.

Færð á hálendisvegum:

## Verri en hefur verið síðustu ár

**SAMGÖNGUR** Færð á hálendisvegum hefur verið verri í ár en undanfarin ár. Ástæða þess að sögn Björns Svavarssonar hjá Vegagerðinni er sú að maí var kaldur. „Síðustu tvær vikur hafa hins vegar verið góðar og því er allt að komast í gott horf," segir Björn. Færð núna sé því að verða eins og í meðalári, þótt árið sé verra en allra síðustu ár.

Búið er að opna um Kaldadal og Laka og allir hálendisvegir fyrir austan eru opnir.

Fjallabaksleið syðri er enn lokuð sem og Sprengisandur. - pal

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Kappakstursfólk á batavegi

Ungmennin þrjú sem slösuðust á föstudag þegar bíll þeirra skall á Hamborgarabúllunni við Geirsgötu eru á batavegi og hafa öll verið flutt af gjörgæsludeild á aðrar deildir. Fólkið var í kappakstri við annan bíl þegar óhappið varð.

### Ölvun talin hafa valdið veltu

Þrennt var flutt á Landspítalann í Fossvogi eftir bílveltu í Hrunamannahreppi um þrjúleytið í fyrrinótt. Ekkert þeirra slasaðist alvarlega og ekkert þeirra var lagt inn á spítalann eftir aðhlynningu á slysadeild. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun við akstur.

# Nýr leiðtogi lofar umbótum

**Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, tók við sem leiðtogi Verkamannaflokksins af Tony Blair í gær. Brown lofaði nýrri utanríkisstefnu og umbótum heima fyrir. Harriet Harman var kjörin varaleiðtogi.**

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, tók í gær við sem leiðtogi breska Verkamannaflokksins af Tony Blair á fundi flokksins í Manchester. Á miðvikudaginn tekur hann við embætti forsætisráðherra landsins af Blair.

Brown lofaði umbótum heima fyrir og nýrri stefnu í utanríkismálum, sem byggðist á umræðu frekar en hervaldi.

„Utanríkisstefnan mun endurspegla þann sannleika að til að einangra og sigra hryðjuverkamenn og öfgahópa þarf meira til en hervald," sagði Brown í jómfrúarræðu sinni sem leiðtogi flokksins. „Þetta verður barátta hugmynda og hugsjóna sem verður háð á næstu árum og unnin af heilum hug hér heima og um allan heim."

Óvinsældir Íraksstríðsins og þátttaka Breta í því hafa skaðað vinsældir Blair undanfarin ár. Brown viðurkenndi mistökin í stríðsrekstrinum og lofaði að lærdómur yrði dreginn af þeim.

„Íraksstríðið hefur valdið sundrung, bæði í flokknum og í landinu," sagði Brown og bætti því við að friðarumleitanir í Mið-Austurlöndum yrðu sífellt meira aðkallandi.

Tony Blair kynnti Brown til leiks í kveðjuræðu sinni og sagði þennan vin sinn til 20 ára hafa alla burði til að verða úrvals forsætisráðherra.

„Ég veit að hann mun gera sitt besta í þjónustu sinni við landið og ég veit af orðspori hans sem fjármálaráðherra, að hans besta er eins gott og það gerist," sagði Blair.

Brown lofaði á móti frammistöðu Blairs í ræðu sinni og hrósaði honum sérstaklega fyrir að koma á friði á Norður-Írlandi, sem hann kallaði sögulegt afrek.

Harriet Harman dómsmálaráðherra vann í baráttunni við fimm aðra þingmenn um hver tæki við af John Prescott sem varaleiðtogi flokksins. Um 3,5 milljónir flokksmanna og félagsmanna verkalýðsfélaga kusu um varaleiðtoga.

Hundruð mótmælenda söfnuðust saman nálægt fundinum og mótmæltu utanríkisstefnu Blair.

„Við erum hérna til að kveðja hættulegasta og herskáasta forsætisráðherra í samtímasögu Bretlands," sagði Andrew Murrey, formaður Stop The War-hreyfingarinnar.

Brown hefur sagst munu leyfa á ný mótmæli fyrir utan þinghúsið, en Blair bannaði það í forsætisráðherratíð sinni.

Fyrsta þolraun nýs leiðtoga verða næstu þingkosningar, sem haldnar verða árið 2009 eða 2010.

steindor@frettabladid.is



**BLAIR VÍKUR FYRIR BROWN** Nýjum leiðtoga Verkamannaflokksins bíður mikið verk, en fylgi flokksins hefur dalað á undanförnum árum. NORDICPHOTOS/AFP

**FERILL GORDON BROWN**

**Nýi maðurinn í Downingstræti 10**

| | |
|---|---|
| **1951** | Fæðist í Skotlandi |
| **1979** | Tapar í þingframboði |
| **1982** | Útskrifast sem doktor í sagnfræði frá Edinborgarháskóla |
| **1983** | Kosinn á þing |
| **1994** | Blair valinn leiðtogi, New Labour stefna hans og Brown nær vinsældum innan flokksins |
| **1997** | Tekur við fjármálaráðuneytinu |
| **11. maí** | Býður sig fram til leiðtoga |
| **24. júní** | Sjálfkjörinn sem leiðtogi Verkamannaflokksins |
| **27. júní** | Mun taka við sem forsætisráðherra og leita umboðs til stjórnarmyndunar hjá Bretlandsdrottningu. |

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var viðstaddur leiðtogaskiptin:

# Brown er maður sígildra gilda

„Stemningin er ansi góð, þeir eru náttúrlega að horfa yfir tíu ára valdaskeið flokksins," segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, sem staddur er á fundi breska Verkamannaflokksins.

„Brown ætlar augljóslega að sigla flokknum aftur til sígildari gilda og kannski með meira afgerandi hætti en margir áttu von á," segir Björgvin. „Hann nýtur mikils trausts eftir tíu ára setu sína í fjármálaráðuneytinu sem holdgervingur stöðugleika í efnahagsmálum."

Björgvin er staddur á fundinum ásamt vini sínum Hreini Hreinssyni. „Við vorum að vinna fyrir Verkamannaflokkinn í tvennum kosningum, 1997 og 2001, og höfum alltaf haldið miklum tengslum við flokkinn og fylgst vel með störfum hans."

Björgvin segir að við miklu sé búist af stjórnartíð Brown.

„Væntingarnar til formannsins koma strax fram í því að það er skoðanakönnun í Observer þar sem Verkamannaflokkurinn er kominn fimm prósentustigum yfir íhaldið. Það hefur ekki gerst í langan tíma, ekki síðan Íraks-hörmungarnar hófust og Cameron tók við Íhaldsflokknum," segir Björgvin.

„Þetta eru gífurleg vonbrigði fyrir íhaldið og það glittir í að Verkamannaflokkurinn muni vinna sinn fjórða sigur í röð." - sgj


**Lagersala**

**á snyrtivörum**

**mánudag 25. júní**

**þriðjudag 26.júní og**

**miðvikudag 27. júní 07**

**frá kl: 15-19**

**Óm snyrtivörur**

**Suðurlandsbraut 4 a, 2. hæð**

**Allir velkomnir.**


**VEÐURSPÁ**



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Einhver úrkoma um mest allt land:** Í morgunsárið og undir hádegi má búast við smá súld eða rigningu á Suðvesturlandi. Seinnipartinn þykknar svo upp norðaustan og austanlands og úrkoma fellur þar í kvöld og nótt. Hitinn er enn þokkalegur, víðast á bilinu 10-15 stig, en hlýrra í innsveitum sunnanlands yfir daginn. Vindur er hægur, af norðri eða smá hafgola.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg norðlæg átt, smá úrkoma fyrripartinn. Hiti 12-16 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg norðlæg átt um allt land.

*» miðvikudagur*




Norðlæg átt, 4-8 m/s um allt land

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C skúrir | London | 17°C skúrir | Eindhoven | 20°C skúrir |
| Billund | 20°C rigning | París | 16°C skúrir | Basel | 25°C léttskýjað |
| Osló | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 27°C skúrir | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 21°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 26°C skúrir | Róm | 31°C léttskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 29°C skúrir | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Opnum eftir miklar breytingar

## Glæsileg opnunartilboð




Tempur Spring, hin margrómaða heilsudýna á frábæru júnítilboði
**King (193x203) kr. 199.900,-**
**Cal King (183x213) kr. 199.900,-**
**Queen (153x203) kr. 174.900,-**



Full verslun af nýjum teppasettum
skrautpúðum og glæsilegum sængurverum

## Stillanlegt og þægilegt



2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gafl
**Opnunartilboð kr. 309.900,-**



## Queen opnunartilboð

Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Bólstraður leðurbotn og lappir
**Opnunartilboð kr. 119.900,-**

## Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval




Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

## KJÖRKASSINN



*Óttast þú áhrif loftslagsbreytinga?*

| | |
|---|---|
| Já | 54% |
| Nei | 46% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú áhyggjur af stöðu íslenska þorskstofnsins?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Sjávarútvegsráðherrar funduðu um sjóræningjaveiðar:

# Árangur gegn sjóráni

**SJÁVARÚTVEGUR** Samhæfðar aðgerðir ríkja við Norður-Atlantshafið gegn ólöglegum og óábyrgum fiskveiðum á svæðinu hafa borið árangur. Þetta er niðurstaða fundar sjávarútvegsráðherra Norður-Atlantshafsins sem haldinn var á Grænlandi og lauk í gær. Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sat fundinn ásamt ráðherrum eða fulltrúm þeirra frá, Grænlandi, Færeyjum, Kanada, Noregi og Rússlandi, auk fulltrúa Evrópusambandsins.

Aðgerðir gegn ólöglegum og óábyrgum fiskveiðum var aðalefni fundarins og lýstu ráðherrarnir sérstakri ánægju með árangur þeirra. Í fréttatilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu segir að til dæmis hafi ekki orðið vart við veiðar sjóræningjaskipa á Reykjaneshrygg það sem af er ári, en veiðar þeirra þar hafa verið viðvarandi vandamál undanfarin ár. Áætlað er að þau hafi veitt í það minnsta 20 þúsund tonn af úthafskarfa þar á síðasta ári.

Aðgerðirnar sem gripið hefur verið til fela meðal annars í sér að banna skipum sem stundað hafa ólöglega veiðar aðar að koma til hafnar aðildarríkjanna. Nokkur sjóræningjaskip hafa verið rifin í brotajárn eða kyrrsett.

- sh



**RÁÐHERRAR SKOÐA GRÆNLAND** Einar K. Guðfinnsson, Finn Karlsen, sjávarútvegsráðherra Grænlands, og Björn Kalsö, sjávarútvegsráðherra Færeyja.

# Hótar nauðgunum og barsmíðum

**Maður hefur komist upp með að áreita ungar stúlkur á netinu í yfir þrjú ár. Algjört lykilatriði að halda gögnum til haga þannig að lögreglan hafi eitthvað til að vinna með, segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það væri réttast að stinga úr þér hjartað“, er meðal hótana sem maður á þrítugsaldri búsettur á höfuðborgarsvæðinu hefur notað gegn ungum stúlkum í spjallforritum á netinu. Umræða um manninn kom upp á vefnum MinnSirkus.is fyrr á þessu ári. Vefstjóri síðunnar brást skjótt við og lokaði á aðgang mannsins að síðunni. Vefstjórinn fór síðan með gögn til lögreglunnar um hver maðurinn væri og upplýsingar um stúlkur sem maðurinn hafði áreitt.

Fréttablaðið hefur undir höndum afrit af spjalli mannsins í gegnum samskiptaforritið MSN-Messenger. Maðurinn, sem notar póstfangið waffensssoldier@hotmail.com, er þar að ræða við nítján ára stúlku. Þegar hann komst að því að stúlkan ætti kærasta reiddist hann. Hafði í hótunum við stúlkuna og kvað hana skulda sér fyrir tímann sem hann eyddi í hana. Meðal annars spyr hann stúlkuna hvort henni hafi verið nauðgað. Hann þekki nauðgara sem virðist alltaf sleppa og ætli að láta hann fá upplýsingar um stúlkuna.

Í kjölfar spjallsins fór stúlkan ásamt systrum sínum með tölvuna sína til lögreglunnar í Kópavogi og vildi leggja fram kæru. Stúlkan fékk þau svör að þetta væri líklega bara einhver rugludallur sem væri heima að leika sér. Stúlkan var send heim án þess að af henni væri tekin skýrsla. Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfestir að engin gögn séu skráð um komu stúlkunnar né vefstjóra MinnSirkuss.



**HÓTANIR Í SPJALLFORRITUM** Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um hvað börnin þeirra aðhafast í tölvunni og halda gögnum til haga ef þeim er hótað af lögreglu. Myndin er sviðsett.

Fréttablaðið hefur haft uppi á yfir tug stúlkna, frá fimmtán ára gömlum, sem hafa átt í samskiptum við manninn á síðustu þremur árum. Þær hafa allar sömu sögu að segja. Þetta sé skapheitur maður sem aðhyllist nasisma. Þegar stúlkurnar hafi ekki viljað hitta manninn eða tilkynnt honum að þær ættu kærasta hafi hann reiðst og hótað þeim ofbeldi, oft með óbeinum hótunum.

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Barnaheillum, segir að þessi mál séu erfið viðureignar. „Það er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um hvað börnin þeirra eru að aðhafast í tölvunni. Til að lögreglan geti gert eitthvað er mikilvægt að halda gögnunum til haga. Það er algjört lykilatriði,“ segir Petrína.

andriv@frettabladid.is

Ölvunarakstur ástæða 82 prósent endurkrafna árið 2006:

# Hæsta endurkrafan nam þremur milljónum króna

**DÓMSMÁL** Ástæður endurkröfu eru langoftast ölvun þeirra sem veldur tjóninu. Þetta kemur fram hjá endurkröfunefnd sem starfar samkvæmt umferðarlögum og er skipuð af viðskiptaráðherra fyrir árið 2006.

Vátryggingafélag sem greitt hefur bætur vegna tjóns af völdum ökutækja eignast endurkröfurétt á hendur þeim sem tjóninu olli af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður segir tölurnar fyrir árið 2006 svipaðar og fyrri ár. „Við erum þó að sjá heldur færri mál fyrir árið 2006 heldur en undanfarin ár.“ Helgi segir að annað hvort sé um að ræða munatjón eða persónutjón og einstakar kröfur ekki vera áberandi hærri í krónum talið fyrir árið 2006 heldur í takt við almennar verðlagshækkanir.

- lbb



**TJÓN** Árið 2006 bárust endurkröfunefnd 103 mál til úrskurðar. Af þeim málum samþykkti nefndin endurkröfu að öllu leyti eða að hluta í 98 málum.

**ENDURKRÖFUR ÁRIÐ 2006**
**98 MÁL**

| Ástæður*: | Fjöldi ökumanna |
|---|---|
| Ölvun | 80 |
| Lyfjaakstur | 8 |
| Ökuréttindalausir | 7 |
| Beinn ásetningur | 5 |
| Vítavert aksturslag/glæfraakstur | 2 |

**Kynjaskipting**

Karlar 79 prósent
Konur 21 prósent

**Aldur**

38 prósent 25 ára og yngri
62 prósent 26 ára og eldri

*Ástæður endurköfu geta verið margar

Íraskur stríðsglæpamaður:

## Var dæmdur til dauða

**ÍRAK, AP Ali Hassan al-Majid eða „Efnavopna-Ali“ eins og hann er kallaður hefur verið dæmdur til dauða af íröskum dómstóli fyrir stríðsglæpi. Tveir áratugir eru síðan Al-Majid gaf íraska hernum skipun um að nota efnavopn sem sögð eru hafa fellt hundrað og áttatíu þúsund manns á árunum 1980 til 1988 en á þeim árum geisaði stríð á milli Íraks og Írans. Tveir aðrir voru dæmdir til dauða en það voru þeir Hashim Ahmad al-Tai, fyrrverandi varnarmálaráðherra Íraks, og Hussein Rashid Mohammed, fyrrverandi aðstoðarmaður í Írakshe r.**



**ALI HASSAN AL-MAJID**

- bor



**GLÆSILEGUR HÓPUR** Fyrstu konurnar hafa útskrifast með kennsluréttindi á bifhjól. MYND/AÁ

Nýjung í kennsluaðferðum:

## Tveir kvenkyns ökukennarar

**MENNTAMÁL** Tvær konur útskrifuðust með kennsluréttindi á bifhjól nýlega og eru þær fyrstu hérlendis til að ná þessum áfanga. Námið fór að mestu fram í Danmörku þar sem aðstaða til slíkrar kennslu er með því besta sem þekkist.

Námið er á vegum símenntunar Kennaraháskóla Íslands, Símenntun-Rannsóknir-Ráðgjöf, og tekur rúmlega viku. Alls luku 21 ökukennari námi. Það er von aðstandenda námsins sem og hinna nýútskrifuðu kennara að ný viðhorf og nýjar kennsluaðferðir sem þeir kynntust í námi sínu erlendis komi til með að nýtast vel við bifhjólakennslu hérlendis.

- shá

## MENNTAMÁL

**Nýtt fræðasetur**

Nýtt Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum verður í Bolungarvík. Samningur um stofnun þess hefur verið undirritaður. Setrið tekur til starfa fyrir sumarlok. Í fréttatilkynningu segir að meginhlutverk setursins sé að efla rannsókna- og fræðastarf Háskóla Íslands á Vestfjörðum í samvinnu við rannsóknastofnanir og háskóla. Lögð verði áhersla á rannsóknir á náttúru atvinnu- og menningarsögu Vestfjarða.



**LÁTRABJARG** Frá vinstri: Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Alp Mehmet, sendiherra Bretlands á Íslandi, björgunarmennirnir Agnar og Björgvin Sigurbjörnssynir og Árni Helgason.

60 ár liðin frá strandi togara:

## Minningarathöfn við Látrabjarg

**FÓLK** Í tilefni af því að sextíu ár eru liðin frá strandi breska togarans Dhoon við Látrabjarg var haldin minningarathöfn við Geldingsskorardal á Látrabjargi á laugardaginn. Tólf manns af sextán manna áhöfn togarans var bjargað á frækilegan hátt og markar atburðurinn djúp spor í björgunarsögu landsins.

Sýning um strandið er á safninu á Hnjóti þar sem sýndir eru munir og myndir sem tengjast björgunarafrekinu.

- lbb

Monsoon-tímabilið hafið:

## Hundruð látnir í Pakistan

**PAKISTAN, CNN Yfir tvö hundruð og þrjátíu manns höfðu fundist látnir eftir ofsaveður og miklar rigningar í Pakistan í gær. Stormurinn rústaði hús og felldi niður rafmagnslínur í borginni Karachi. Flestir hinna látnu létust í byggingum sem hrundu, vegna raflosts eða urðu fyrir trjám sem stormurinn hafði rifið með sér. Fjöldi fólks er slasaður og neyðarástandi hefur verið lýst yfir á spítölum borgarinnar.**

**Monsoon-tímabilið er hafið í Pakistan og má búast við talsvert meiri rigningu á næstu dögum.**

- bor

Tveir handteknir á Selfossi:

## Játuðu innbrot í tvö sumarhús

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi handtók tvo unga menn á fimmtudag sem játuðu að hafa brotist inn í sumarbústaði í Grímsnesi.

Lögreglu barst tilkynning um dularfullar mannaferðir við sumarbústað og þegar á staðinn var komið lögðu mennirnir tveir á flótta hlaupandi. Þeir náðust og þegar bifreið þeirra var skoðuð fannst þýfi. Þá fannst einnig þýfi úr öðrum bústað sem mennirnir viðurkenndu að hafa brotist inn í og dvalið í í tvær nætur.

Að sögn lögreglunnar er talsvert um að brotist sé inn í sumarbústaði í sumarbústaðahverfum.

- þo




# MILLJÓNA VERÐBIL

## ... á nýjum 2007 Volvo Dísel.



*Sýningarbíll á staðnum.*

**Volvo XC90**

Eigum nokkra bíla á lager. 5 og 7 manna með og án topplúgu.
**Litir:** Silfur - Dökkgrár - Svartur - Dökkblár.

**Staðalbúnaður**

ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Hiti í sætum - Hleðslujafnari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Kastarar - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Útvarp - Vökvastýri - Þakbogar - Þjófavörn.

*Auk þess búnaðar sem nefndur er hér fyrir ofan er allur sá búnaður sem er staðalbúnaður hjá umboðinu.*

**DÆMI UM AUKABÚNAÐ UMFRAM STAÐALBÚNAÐ SEM ER Í EINUM ÞESSARA BÍLA ( Á PAKKA VERÐI ):**

"Designe Line" Pakki = Hliðarrúður aftan dökkar + Áklæði leður + Álinnrétting = 159.000,- "Viðbót við Design Line" Áklæði leður soft SOVEREIGN = 96.000,- "Mobillity Line" Pakki = GSM sími innbyggður með fjarstýringu í stýri + Loftpúði farþegamegin að framan (aftengjanlegur) = 95.000,- "SE+Line" = Álfelgur "18 + Xenon ljós + þvottakerfi á aðalljós + Geislaspilari 6 diska (framhlaðið) + Sportmælar í mælaborði með klukkuskífum + Minni fyrir ökumannssæti og útispegla + Rafdrifið ökumannsæti = 250.000,- "Viðbót við SE Line" - rafdrifið framsæti fyrir farþega = 25.000,-

"Viðbót við SE Line" - Gasljós Xenon með beygjustýringu = 25.000,- Álfelgur "18 Camulus (viðbót) = 109.000,- Málmlitur = 39.000,- Viðarinnrétting = ? Loftkæling í aftursæti í C - pósti = 140.000,- Vökvastýri með hraðaþyngingu = 42.000,- Bakkskynjari = 39.000,- Speglafrítt gler í fram og hliðarrúðum = 59.000,- 7 sæta útgáfa = 170.000,- Vélarhitari með tímastilli = 148.000,- Rafdrifin glersóllúga = 140.000,- Leiðsögubúnaður (áætlað) um 320 þúsund. Aukahlutir umfram staðalbúnað að verðmæti Kr. 1.856.000,-

**Listaverð með þessum búnaði: frá 8.300 þús. til 8.450 þús.**

## Okkar verð: frá 7.250 til 7.390 þús.

***Mismunur alveg milljón...***

SPARIbíll

**www.sparibill.is**

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir nýkrýndur ljótasti hundur heims?*

2 *Hvað heitir heiðin þar sem mosabruninn varð?*

3 *Eru geitungar seint eða snemma á ferðinni í ár?*

SVÖR Á SÍÐU 30

Skattrannsóknarstjóri vill ekki að embættið verði lagt niður og fært undir lögreglu:

# Skattrannsóknarstjóri fái ákæruvald

**STJÓRNSÝSLA** Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri ríkisins, vill að embættið fái vald til að ákæra skattsvikara fyrir dómstólum. Þannig verði hægt að koma í veg fyrir að skattsvikamál dagi uppi hjá ríkislögreglustjóra.

Bryndís lýsti þessari skoðun sinni í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Tilefni skrifanna eru yfirlýsingar Helga Magnúsar Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, í fjölmiðlum undanfarið. Þar hefur hann meðal annars líst þeirri skoðun sinni að sökum þess hversu örðugt er fyrir hans embætti að vinna mál á tilskildum tíma vegna mannfæðar væri réttast að leggja embætti skattrannsóknarstjóra niður og færa verkefni þess og mannafla á hendur saksóknara efnahagsbrota.

Helgi hefur jafnframt sagt að hjá skattrannsóknarstjóra sé ekki sérþekking á því hvað þurfi til að sakfella skattsvikara. Því hafi lögreglan oft þurft að rannsaka málin aftur nánast frá grunni.

„Við rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra er farið að lögum um meðferð opinberra mála,“ segir Bryndís í grein sinni. „Innan embættisins hefur byggst upp þekking og reynsla og eru færustu sérfræðingar starfandi hjá embættinu í dag.“ - sh



**HÚSAKYNNI SKATTRANNSÓKNARSTJÓRA** Bryndís Kristjánsdóttir segir færustu sérfræðinga starfandi hjá embættinu. FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

Garðabær afhendir styrk:

# Karl Ágúst bæjarlistamaður

**FÓLK** Karl Ágúst Úlfsson, leikstjóri, leikari og rithöfundur, var valinn bæjarlistamaður Garðabæjar 2007. Gunnar Einarsson bæjarstjóri afhenti Karli Ágústi starfsstyrk listamanna árið 2007 við hátíðlega athöfn í Vídalínskirkju á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Garðabær hefur afhent starfsstyrk til listamanns eða listamanna frá árinu 1992. Sá aðili sem hlýtur starfsstyrkinn er nefndur bæjarlistamaður Garðabæjar. Bæjarstjórn Garðabæjar velur bæjarlistamann í samráði við menningar- og safnanefnd bæjarins. - lbb



**BARACK OBAMA** Bandaríski forsetaframbjóðandinn segir hægrisinnaða evangelíska kristna leiðtoga notfæra sér trúarlegar skoðanir fólks á slæman hátt.

Barack Obama:

# Segir trúnni hafa verið rænt

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama, einn frambjóðenda demókrata til forsetaembættis, gagnrýnir hægrisinnaða evangelíska kristna leiðtoga fyrir að nýta sér ólíkar trúarlegar skoðanir í þeim tilgangi að valda deilum og klofningu í samfélaginu.**

**Obama talaði á kirkjuráðstefnu á laugardaginn. Hann sagði trúnni hafa verið rænt og að hann saknaði þeirra daga þegar hún var notuð til þess að færa fólkið saman.**

**„Þeir þreytast ekki á að segja evangelískum kristnum að demókratar beri ekki virðingu fyrir kirkjunni. Á meðan gefa þeir restinni af þjóðinni þau skilaboð að einu málin sem skipti trúrækna Ameríkana máli séu fóstureyðingar, hjónabönd samkynhneigðra og skólabænir,“ sagði Obama.** - bor

# Hafrannsóknir hafa setið á hakanum

**Sjálfsagt að styrkja hafrannsóknir segja útvegsmenn. Formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar bendir á misgóða stöðu sjávarútvegsfyrirtækja.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims hf., segir ekkert mál að eyða hundruðum milljónum króna í hafrannsóknir sem ekkert kemur út úr. Hann bendir á að það þurfi að tengja saman hvernig hafrannsóknum sé stjórnað og hvernig þeim sé varið.

„Við sem komum inn í þessa grein löngu eftir að kvótakerfið kom á þurfum að spila eftir lögunum og þau eru alveg skýr og löngu búið að útdeila veiðiréttinum. Hins vegar hafa hafrannsóknir setið á hakanum því við höfum ekki komist upp úr þessu argaþrasi með kvótakerfið,“ segir Guðmundur og bendir á að hægt sé að nýta skip og mannskap útgerðarmanna til hafrannsókna.

Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Háskóla Íslands, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að fara verði að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir næsta fiskveiðiár og jafnframt setja upp áætlun til langs tíma um hvernig staðið verði að rannsóknum og nýtingu stofnsins til framtíðar.



**HAFRANNSÓKNIR** Guðrún Marteinsdóttir prófessor segir þörf á langtímaáætlun um hvernig staðið verði að rannsóknum og nýtingu stofnsins til framtíðar.

Varðandi hver eigi að koma að kostnaði á slíkum rannsóknum segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda, að sjálfsagt sé að styðja allt sem mögulega gæti eflt rannsóknir og þekkingu á sjónum í kringum okkur. „Hver stendur svo straum af þeim kostnaði tengist í raun annarri umræðu og fleiri málum,“ segir Eggert Benedikt.

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar alþingis bendir á að staða sjávarútvegsfyrirtækja sé misgóð og því óeðlilegt að krefja þær útgerðir um fjármagn sem standa höllum fæti. „Ég tel að það þyrfti að hafa samráð við hagsmunasamtök útvegsmanna áður en teknar eru frekari ákvarðanir um aðkomu þeirra að rannsóknum.“

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir hugmyndir Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra um að fara með hafrannsóknir í umhverfisráðuneytið ekki skynsamlegar. „Þá er farið með rannsóknir og ákvörðunarvald frá þeim sem eiga mestra hagsmuna að gæta og hafa mestu þekkinguna.“

larab@frettabladid.is

Áskorun til Frakklandsforseta:

# Þjóðernisráðuneyti mótmælt

**FRAKKLAND, AP Nærri 200 prófessorar, listamenn og fleiri þekktir einstaklingar, sumir við háskóla í Bandaríkjunum, Bretlandi og Japan, hafa skrifað undir áskorun til Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, þar sem stofnun nýs ráðuneytis innflytjenda- og þjóðernismála er mótmælt.**

**Í áskoruninni, sem var birt í vinstriblaðinu Libération, er farið fram á að nafni ráðuneytisins verði breytt, þar sem það gefi í skyn að innflytjendur séu vandamál, og víðtækar valdheimildir þess verði skornar niður.**

**Sarkozy gerði þjóðernismál að áherslumáli í kosningabaráttunni og vann þar með fylgi kjósenda yst á hægri vængnum.** - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á spítala eftir hnefahögg

Átján ára piltur var fluttur með höfuðáverka á Landspítalann í fyrrinótt. Hann hafði fallið í götuna eftir hnefahögg í andlitið fyrir utan heimili sitt í Njarðvík. Sautján ára piltur var handtekinn vegna málsins.

### Ók á staur og farþegi slasaðist

Einn var fluttur með meðvitund en einhverja höfuðáverka á slysadeild eftir að fólksbíl var ekið á ljósastaur á Reykjanesbraut nærri álverinu í Straumsvík um kvöldmatarleytið í gær. Maðurinn var farþegi í bílnum en ökumaðurinn slapp lítið meiddur.

Orkuveita Reykjavíkur

Ganga um Hengilssvæðið

Þriðjudaginn 26. júní verður farin fræðslu- og gönguferð um Hengilsvæðið. Hugað verður að orkunni og beislun hennar, orkujarðfræði, gróðri og sögu. Mæting við Hellisheiðarvirkjun við Kolviðarhól kl.19:30. Leiðsögumenn eru Einar Gunnlaugsson, jarðfræðingur, og Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjufræðingur.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

Neytendasamtökin kvarta til Neytendastofu yfir auglýsingaherferð Heklu:

# Villandi að kalla bílana græna

**UMHVERFISMÁL** Neytendasamtökin hafa kvartað til Neytendastofu vegna auglýsingaherferðar Heklu á Volkswagen-bílum. Þar eru bílar frá Heklu kallaðir „grænir“ vegna þess að umboðið greiðir fyrir kolefnisjöfnun nýrra bíla í eitt ár.

Á heimasíðu samtakanna segir að samtökin telji fullyrðinguna „Þeir eru allir grænir“, sem kemur fram í auglýsingunni, villandi. Bílar séu langt frá því að vera „grænir“ ef hugtakið grænn sé skilið sem „umhverfisvænn“ eins og gefið sé í skyn í auglýsingunum. Neytendasamtökin geta engan veginn tekið undir að eins árs kolefnisjöfnun samsvari því að bíll sé grænn eða umhverfisvænn, segir í tilkynningu á heimasíðunni.

„Við teljum okkur ekki vera að villa um fyrir einum né neinum, það kemur skýrt fram í auglýsingunum að orðið grænn vísar í eins árs kolefnisjöfnun bílsins,“ segir Jón Trausti Ólafsson, markaðsstjóri Heklu. „Við lítum svo á að í þetta eina ár séu bílarnir grænir, og eftir að árinu lýkur er kolefnisjöfnunin á ábyrgð eigandans. Við höfum fengið jákvæð viðbrögð frá neytendum við þessari herferð.“




**AUGLÝSING** „Allir bílar eru grænir“ segir í auglýsingunni. Þar er átt við að allir nýir bílar eru kolefnisjafnaðir í eitt ár.

Þegar bíll er kolefnisjafnaður er ákveðinn fjöldi trjáa gróðursettur, sem ætlað er að vega upp á móti útblæstri bílsins. - sþs

Atvinnuleysi í maí var ögn minna en í apríl og talsvert minna en í maí á síðasta ári:

# 1.759 án vinnu en 610 störf laus

**VINNUMARKAÐUR** Skráð atvinnuleysi í maí var 1,1 prósent sem þýðir að 1.759 voru án vinnu.

Atvinnulausum fækkaði um tæp sex prósent frá apríl þegar 1.866 voru án vinnu.

Atvinnuleysið í maí var um 15 prósentum minna en í maí á síðasta ári.

Í lok maí voru 610 störf laus og fjölgaði lausum störfum frá aprílmánuði.

Vinnumálastofnun skýrir frá þessu.

Samkvæmt tölum stofnunarinnar minnkaði atvinnuleysi á landsbyggðinni um tíu prósent á milli apríl og maí og um 1,4 prósent á höfuðborgarsvæðinu.

Fleiri konur eru atvinnulausar en karlar en atvinnuleysi karla minnkaði mun meira á milli mánaðanna en kvenna.

Í maí voru gefin út 47 ný atvinnuleyfi til íbúa utan Evrópska efnahagssvæðisins en nýskráningar ríkisborgara frá nýjum ríkjum Evrópusambandsins voru tæplega sjö hundruð.

Vinnumálastofnun ráðgerir að atvinnuleysi í júní muni ekki breytast mikið frá því sem var í maí og bendir á að atvinnuleysi stóð í stað þessa sömu sumarmánuði í fyrra. - bþs

Developed with

Shell

# V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.



Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move



**TÍGUR Í KAFI** Óðinn, fimm ára gamall hvítur Bengal-tígur, stingur sér ofan í vatnið eftir kjötstykki sem þjálfarar hans fleygðu til hans á kattasýningu í dýragarði í Kaliforníu í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP

Nafn Íslands kemur upp í skýrslu um fangaflug og ólögleg fangelsi:

# Alvarlegt mál ef rétt reynist

**STJÓRNMÁL** Ísland er viðkomustaður fangaflugs samkvæmt lýsingu á fangaflugi í nýrri skýrslu svissneska stjórnmálamannsins Dicks Marty hjá Evrópuráðinu.

Í skýrslunni er meðal annars fjallað um leynileg og ólögleg fangelsi og fangaflutninga. Ekki kemur fram hversu löng dvölin var á Íslandi í umræddu flugi. Bergdís Ellertsdóttir, sviðsstjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir ráðuneytið vera að skoða skýrsluna og hvort þar sé að finna nýjar upplýsingar. „Þetta tiltekna flug í skýrslunni hef ég ekki séð áður. Við svöruðum spurningalistum frá Evrópuráðinu og höfundi skýrslunnar varðandi flug til landsins og þóttu svör okkar fullnægjandi enda höfðum við ekki rökstuddan grun um nokkur flug af þessu tagi til landsins,“ segir Bergdís.

Hún bætir við að stjórnvöld annarra ríkja hafi ekki haft samband við íslensk stjórnvöld varðandi þessa flutninga. „Hafi þessir flutningar átt sér stað þá er okkur ekki kunnugt um það. Þetta er alvarlegt mál ef rétt er og það var ekki með vitund, vilja eða samþykki íslenskra stjórnvalda,“ segir Bergdís. - lbb



**FANGAFLUTNINGAR** Utanríkisráðuneytið fær ekki sérstakar tilkynningar varðandi einkaflugvélar sem koma til landsins.

Framlög ríkis til háskóla:

# Minni tekjur HR frá ríkinu

**MENNTUN Háskólinn í Reykjavík (HR) fær í meðalári milli 47 og 60 prósent tekna sinna frá ríkinu. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að árið 2005 hafi hlutfallið verið 76 prósent.**

**Samkvæmt upplýsingum frá HR var árið 2005 óvenjulegt í rekstri skólans og munar þar mest um sameiningu skólans við Tækniháskólann. Sá fékk stóran hluta tekna sinna frá ríkinu.**

**Árið 2006 fékk HR 60 prósent tekna sinna frá ríkinu, 24 prósent úr skólagjöldum og 14 prósent úr rannsóknarstyrkjum og námskeiðum.** - kóþ

Í notkun óbreyttir í 75 ár:

# Norskir símaklefar friðlýstir

**NOREGUR, AP Hundrað rauðir símaklefar í Noregi hafa verið friðlýstir að ákvörðun stjórnvalda.**

**Símaklefarnir voru hannaðir árið 1932 af norska arkitektinum Georg Fredrik Fasting og hafa verið í notkun í óbreyttri mynd í 75 ár, að sögn Davids Brand hjá Norska fjarskiptasafninu.**

**Næstum 6.000 símaklefar voru í notkun víða um Noreg allt fram á níunda áratuginn en einungis 420 þeirra standa eftir í dag.**

**Stefnt er að því að halda þessum hundrað símaklefum í notkun. Auk sögulegs gildis þess að vernda símaklefana segir Brand að minnsta kosti eina praktíska ástæðu fyrir hendi þó að flestir eigi farsíma í dag: tómar rafhlöður.** - sdg

Aflaverðmæti fyrsta ársfjórðungs jókst um 30 prósent:

# Mest aflaverðmæti á Suðurnesjum

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 24,8 milljörðum króna.

Á sama tímabili í fyrra nam verðmætið 19,2 milljörðum. Aukningin nemur tæpum 30 prósentum.

Þetta kemur fram í samantekt Hagstofunnar.

Að sögn Arnars Sigurmundssonar, formanns Samtaka fiskvinnslustöðva, skýrist aukið aflaverðmæti helst af tvennu; hagstæðum breytingum á gengi krónunnar á milli tímabila og stórauknum loðnuveiðum.

Í fiskverkunum á Suðurnesjum var afli unninn fyrir tæpa 5,5 milljarða króna. Á höfuðborgarsvæðinu var fiskur unninn fyrir rúmlega 5,1 milljarð og á Austurlandi fyrir tæplega 3,2 milljarða.

Segir Arnar að Suðurnesjamenn njóti nálægðarinnar við Keflavíkurflugvöll en mikil verðmæti liggja í vinnslu ferskra flaka sem flutt eru flugleiðina á markaði í útlöndum.

Aflaverðmæti botnfisks jókst um rúm 20 prósent á milli ára en verðmæti uppsjávarafla jókst um 90 prósent. Munar þar mestu um verðmæti loðnu sem nam 4,2 milljörðum í ár en 2,2 milljörðum í fyrra. - bþs



**FAÐERNISMÁL** Lúðvík Gizurarson hefur átt í langvinnu faðernismáli. Dómsniðurstöður hafa heimilað að fram fari erfðafræðileg rannsókn á hvort Hermann Jónasson sé faðir hans. FRÉTTABLAÐIÐ / SAMSETT MYND

# Persónuvernd aðhefst ekki

## Lögmaður barna Steingríms Hermannssonar hefur ritað Persónuvernd bréf vegna langvinns faðernismáls sem Lúðvík Gizurarson höfðaði á sínum tíma.

**DÓMSMÁL** Persónuvernd hefst ekki að í kjölfar bréfs sem lögmaður barna Hermanns Jónassonar, fyrrverandi forsætisráðherra, hefur sent henni. Lúðvík Gizurarson og börn Hermanns hafa átt í langvinnum málaferlum vegna faðernismáls.



**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR.**

Í bréfi lögmannsins segir að málið hafi, þrátt fyrir áhvílandi þagnarskyldu, fengið töluverða umræðu í fjölmiðlum.

„Umbjóðendur mínir hafa ... velt því fyrir sér hvort nauðsynlegt geti verið með tilliti til sjónarmiða um persónuvernd og vernd einkalífs að endurskoða þær reglur sem um meðferð slíkra lífsýna gilda,“ segir meðal annars í bréfi lögmannsins. „Núgildandi lög um lífsýnasöfn ... virðast ekki gera ráð fyrir tilvikum sem þessu eða málsmeðferð. Þá telja umbjóðendur mínir einnig að lögin kunni að stangast á við ákvæði barnalaga ... að þessu leyti. Hafa umbjóðendur mínir óskað eftir því að undirritaður kæmi á framfæri við Persónuvernd ábendingu um meðferð þessa máls og þá réttaróvissu sem hér virðist ríkja til þess að stofnunin meti með sjálfstæðum hætti hvort nauðsynlegt geti verið með tilliti til sjónarmiða um persónuvernd og vernd einkalífs að aðhafast sérstaklega vegna málsins og endurskoða jafnframt gildandi réttarreglur eða setja nánari reglur um tilvik af þessum toga.“

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að ekki hafi verið fjallað um þetta mál hjá Persónuvernd.

„Þetta tiltekna mál hefur verið afgreitt hjá dómstólum,“ segir hún. „Stjórnvald væri farið að oftúlka vald sitt ef það teldi sig geta breytt fram rás mála. Við fjöllum ekki efnislega um mál sem hefur fengið svo rækilega umfjöllun, sem raun ber vitni, á vegum dómstóla.“

jss@frettabladid.is






Fyrirheit um að loka meginkjarnakljúf Norður-Kóreu:

# Bjartsýni á lokun

**KÓREA, AP** Christopher Hill, aðalerindreki Bandaríkjastjórnar í málefnum Norður-Kóreu, sagði á föstudag að Norður-Kóreustjórn væri tilbúin til að hrinda hratt í framkvæmd fyrirheiti um að loka meginkjarnakljúf landsins, sem notaður hefur verið til að framleiða efni í kjarnorkusprengjur. Hill varaði þó við því að það yrði ekki auðvelt að „af-kjarnorkuvæða“ landið.

Hill talaði við fréttamenn í Seoul eftir að hann sneri aftur úr óvæntri heimsókn til Pyongyang, þar sem hann hitti norður-kóreska ráðamenn. Þrátt fyrir fyrirheit sem N-Kóreustjórn gaf í sexveldaviðræðunum svonefndu árið 2003 hefur ekkert orðið úr efndum til þessa. - aa



**CHRISTOPHER HILL** Erindreki Bandaríkjastjórnar umkringdur fréttamönnum í Seoul. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


„Hárgelið mitt
er á leiðinni!"
… á ferðinni fyrir þig
Daglega eru framleiðsluvörur fyrirtækja
á landsbyggðinni fluttar með flutningabílum
í verslanir á höfuðborgarsvæðinu.
Flutningabílarnir eru forsenda atvinnulífs
um allt land. Við erum á ferðinni fyrir þig.
SVÞ
FLUTNINGASVIÐ

## „ORÐRÉTT“

### Kastljósi að kenna

**„Það er hins vegar mjög líklegt að málatilbúnaður Kastljóssins hafi haft áhrif á úrslit alþingiskosninga og innbyrðis röð þingmanna Framsóknarflokksins og sé ein af ástæðum þess að flokkurinn hefur nú ekki þingmann í Reykjavík.“**

JÓN KRISTJÁNSSON, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, FJALLAÐI UM ÚRSKURÐ SIÐANEFNDAR BLAÐAMANNAFÉLAGSINS VEGNA UMFJÖLLUNAR KASTLJÓSS UM JÓNÍNUMÁLIÐ SVOKALLAÐA.

Fréttablaðið 24. júní.

### Enginn skáldskapur

**„Ég hef mikla sköpunarþörf, hef gaman af því að leika mér að orðum og er fljótur að skrifa, enda naut ég þess að vera blaðamaður.**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON LÝSIR LÖNGUN SINNI TIL AÐ VERÐA RITHÖFUNDUR. VONANDI FÉKK SAMT SKÁLDAGYÐJAN EKKI AÐ NJÓTA SÍN Í FRÉTTASKRIFUNUM.

Morgunblaðið 24. júní.

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON, RITSTJÓRI KOMPÁSS

## *Fullt af flottum málum í bígerð*



„Ég er nú bara hérna í sumarfríi, í bænum eins og er,“ segir Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri þáttarins Kompás á Stöð 2. „En ég er inn á milli að vinna, hlaupa í viðtöl og skipuleggja næsta vetur. Ég ætla bara að fara vestur, ég er ættaður úr Önundarfirðinum og öll fjölskyldan býr þar.“

Þrír karlmenn hafa verið ákærðir fyrir tilraun til kynferðisbrots eftir að Kompás gabbaði þá til að fara og hitta 13 ára stúlku, sem í raun var uppspuni þáttastjórnenda.

„Við erum stoltir af þessu,“ segir Jóhannes. „Við höfum ekki verið kallaðir til að bera vitni, en mér finnst það vera gott mál að það sé hægt að ná þessum mönnum og að Kompás hafi átt þátt í því.“

Jóhannes vinnur nú að því að undirbúa Kompás fyrir næsta vetur. „Í bígerð næsta vetur er bara fullt af flottum málum sem við höfum og erum að vinna í. Þetta verður öflugt tímabil, sem spannar allt sviðið. Næsti vetur er mjög spennandi, fullt af flottum málum, bæði hér og erlendis.“

## MOLD

### HEFUR ORÐIÐ TIL SÍÐUSTU 10.000 ÁRUM



Íslensk mold hefur öll orðið til á undanförnum 9.000-10.000 árum. Mold köllum við frjósamasta hluta jarðvegarins, en jarðvegur er í raun öll laus jarðlög sem gróður getur fest rætur í. Íslenska moldin er úr þremur aðalþáttum (1) Áfoki; leirkornum, sandi og gjósku sem berst með vindum, (2) leifum jurta og dýra og (3) efnum sem vatn leysir úr berggrunninum og jarðvegskornunum. Mest er um áfokið en minnst er af efnunum úr berggrunninum og jarðvegskornunum.

## SJÓNARHÓLL

ÁLVERSKOSNINGAR

### *Kjósa á um álver*



**ÞRÖSTUR HARALDSSON** Ritstjóri Bændablaðsins.

„Mér finnst sjálfsagt að fólk fái að ráða sem mestu um sitt eigið líf, svo ég er á því að það eigi að spyrja fólk að þessu,“ segir Þröstur Haraldsson, ritstjóri Bændablaðsins. „Það eru það mikil inngrip í náttúru svæðisins að það á auðvitað að spyrja fólk hvort það vilji hafa álver hjá sér.“

Sveitarstjórnin í Ölfusi ætlar ekki að leyfa kjósendum að kjósa um hvort byggja eigi álver í Þorlákshöfn, sem er hluti Ölfusar. Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri segir Ölfusinga hafa þegar kosið um álver í síðustu sveitarstjórnarkosningum. „Ég held að álver í Ölfusi hafi ekki verið efst á baugi í þeim kosningum, þannig að mér finnst þær röksemdir falla dauðar niður,“ segir Þröstur. „Umræður um álver í Þorlákshöfn jukust mjög eftir að þetta var fellt í Hafnarfirði og þá voru þessar kosningar til sveitarstjórnar löngu liðnar. Því er gjörbreytt staða komin

# Reglugerðir eru lifandi skepnur

**Í þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins er unnið víðtækt og yfirgripsmikið starf. Hlutverk miðstöðvarinnar er að snara yfir á íslensku alþjóðlegum samningum, reglugerðum og nýjustu hugtökunum úr heimi vísindanna.**

Hátt á þriðja tug starfa hjá Þýðingamiðstöðinni í Þverholti og nýopnuðu útibúi á Akureyri en þyrftu að vera fleiri að mati Ólafar Pétursdóttur forstöðumanns. „Að mínu mati þyrftum við að vera helmingi fleiri,“ segir hún. „Eftir því sem ég best veit erum við eina þýðingamiðstöðin á snærum ráðuneytanna enda þýðum við líka fyrir önnur ráðuneyti.“

Hið opinbera tungutak er svo til allt á forræði Þýðingamiðstöðvarinnar sem og umsjónarmaður vísindaorðaforða, en því starfi gegnir Hálfdan Ómar Hálfdanarson líffræðingur.

„Öll nýyrði á hans sviði koma í gegnum EES-kerfið frá Brüssel. Þá þurfum við að standa klár og svara snör í vinnubrögðum enda fáum við fyrirspurnir úr öllum áttum. Þess vegna erum við með Hálfdan Ómar, sem þekkir nánast alla starfandi vísindamenn á landinu og höfunda líforðasafns.“

Í kjölfar tækni- og upplýsingabyltingarinnar á 9. áratug 20. aldar hefur nýyrðum fjölgað mjög. Ólöf segir að á móti komi að í dag njóti Þýðingamiðstöðin nýtískulegra þýðingaforrita sem létti þeim lífið.

Ólöf er stolt af vinnustað sínum og samstarfsfólki, sem hún segir sérhæfa sig á öllum sviðum þjóðlífsins. „EES-samningurinn er lifandi skepna sem vex og þenst út yfir öll svið þjóðlífsins. Þá þurfum við að standa klár á um hvað er verið að tala, hvað er hægt að kalla það, hvað menn í faginu vilja kalla það, þannig að talsverður hluti vinnutímans fer í símtöl og samtöl við sérfræðinga.“

Starfsfólkið kemur úr öllum áttum: flestir þýðendurnir tala ensku og annað tungumál að auki. Ólöf segir að sem stendur sé helst skortur á lögfræðingum og raunvísindamenntuðu fólki. „Það er erfiðast að fá fólk úr raunvísindageiranum, það er svo mikil eftirspurn eftir því.“

Þvert á trú sjálfsagt margra segir Ólöf EES-samninginn vera skemmtilegt fyrirbæri og manneskjulegt. „Allar reglugerðir eru gefnar út að gefnu tilefni og mannlegir harmleikir eru oft að baki. Það fer ekki fram hjá okkur sem hér starfa.“

Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins má meðal annars nálgast hugtakasafn Þýðingamiðstöðvarinnar á slóðinni: hugtakasafn.utn.stjr.is.

bergsteinn@frettabladid.is



**ÞÝÐINGAMIÐSTÖÐIN** Á annan tug þýðenda starfar hjá Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins. Ólöf Pétursdóttir er lengst til hægri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þjóðhátíðardegi Íslendinga var fagnað í Norfolk í Virginíuríki:

# Pylsur með öllu ruku út

Á annað hundrað manns fögnuðu saman á þjóðhátíðardegi Íslendinga í Norfolk í Virginíu 17. júní. Þetta er í 22. skipti sem dagurinn er haldinn hátíðlegur í Norfolk en það eru Íslensk-amerísku samtökin í Hamton roads sem standa fyrir viðburðinum.

Sjálfstæði Íslendinga var fagnað og íslenskar hefðir og matur voru allsráðandi. Að vanda voru gestirnir hrifnastir af pylsunum og komu aftur og aftur til þess að fá sér eina með öllu.

Veðrið var heldur blíðara en Íslendingar eiga að venjast á þessum degi því hitinn fór upp í þrjátíu gráður þegar mest var.

Samtökin í Norfolk eru öflug og standa fyrir ýmsum viðburðum þar sem íslensk menning er í hávegum höfð. Næst á dagskrá er uppboð þar sem safnað verður peningum fyrir þorrablótið sem haldið er í febrúar á ári hverju.

- þo



**PYLSUMEISTARARNIR** Þær Thryii Magnus, Ella Wanros Magnusdottir, Sella Seifert Siggeirsdottir, og Ella Isabel Leitsch, dóttir Ellu, stóðu sig vel við pylsupottana.

**Sumartilboð** Vildarþjónustunnar

50%

afsláttur af flugi hjá Flugfélagi Íslands í sumar. Nánar á spar.is

www.spar.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

Nýr leikskóli í Reykjanesbæ:

# Starfa eftir Hjallastefnunni

Skrifað hefur verið undir samning milli Reykjanesbæjar og Hjallastefnunnar ehf. um rekstur leikskólans Akurs í Reykjanesbæ. Leikskólinn sem enn er í byggingu tekur til starfa í haust.

Á leikskólanum verða 140 börn á sex deildum. Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir að gjaldskrá leikskólans verði sú sama og í öðrum leikskólum sveitarfélagsins enda tryggi sveitarfélagið leikskólanum sama fjármagn.

Leikskólinn er sjöundi leikskólinn á landinu sem Hjallastefnan rekur.

- þo



**NÝR LEIKSKÓLI** Samningurinn var undirritaður í leikskólanum sem enn er í byggingu. MYND/HILMAR

SÍBS og Háskólinn á Akureyri:

# Efla rannsóknir á endurhæfingu

Háskólinn á Akureyri og endurhæfingarmiðstöð SÍBS, Reykjalundur, undirrituðu samkomulag 20. júní síðastliðinn um að efla kennslu og rannsóknir í endurhæfingu.

Reykjalundur mun koma að kennslu og leiðsögn nemenda Heilbrigðisdeildar HA í klínísku námi í iðjuþjálfun og hjúkrunarfræði. Samningsaðilar vilja einnig stuðla að framgangi endurhæfingar með því að efla rannsóknir í faginu.



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI**

Lilja Ingvarsson yfiriðjuþjálfi og Lára M. Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri munu hafa umsjón með náminu á Reykjalundi.

- sgj



**MINNINGARSJÓÐUR EMILÍU** Styrkir fólk sem þarf á hundi að halda vegna fötlunar.

Hundaræktarfélag Íslands:

# Styrkir fatlaða sem þurfa hund

Hundaræktarfélag Íslands hefur hafið sölu á minningarkortum til styrktar minningarsjóði Emilíu og fer salan fram á skrifstofu félagsins í síma 588 5255. Minningarsjóðurinn var stofnaður eftir að Emilía Sigursteinsdóttir, heiðursfélagi Hundaræktarfélags Íslands, lést eftir erfið veikindi 2004.

Markmið sjóðsins er að styrkja þá einstaklinga sem þurfa á sérþjálfuðum hundi að halda vegna fötlunar. Umsóknarfrestur um styrkveitingar er til 8. júlí ár hvert. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu Hundaræktarfélags Íslands, hrfi.is.

- pal






# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræða um stöðu efnahagsbrota og rannsókna þarf að vera yfirveguð.

## Umræðan mótist af heildarsýn

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Hröðum þjóðfélagsbreytingum fylgir að endurskoða þarf ýmsa þætti í samfélaginu. Þannig hefur vægi fjármála- og viðskiptalífs aukist verulega í samfélaginu, án þess að samsvarandi vöxtur fylgi í eftirlitsstofnunum sem sinna þeim málaflokki.

Það er því eðlilegt að fram fari umræða um það hvernig best verði tryggt að hér þróist öflugt viðskiptalíf sem nýtur trausts og trúverðugleika, jafnt innan lands sem utan.

Í því samhengi er eðlilegt og gott að embættismenn stofnana sem sinna slíku eftirliti bendi á hvar skórinn kreppir og taki virkan þátt í umræðunni. Það er hins vegar ekki sama hvernig slíkt er gert.

Nýr yfirmaður efnahagsbrotadeildar lögreglunnar kvaddi sér á dögunum hljóðs og benti á ýmislegt sem betur má fara í kerfinu. Margt af því sem fram kom í máli hans verðskuldar nánari skoðun og ýmsu í máli hans ber að fagna. Til að mynda er gleðilegt að sjá að í málflutningi embættisins sé lögð áhersla á að mál gangi hratt fyrir sig og þar vísað til mannréttinda sakborninga. Það er ánægjulegt að sjá þann skilning, en ein helsta freisting yfirvalds er að hlutgera viðfangsefni sín eða fella fyrirfram dóma. Þannig er veruleg hætta á að rannsóknarvald fari að líta á viðfangsefni sín sem sekar manneskjur, meðan grundvallarregla vestræns réttarríkis er einmitt að hver maður er saklaus uns sektin er sönnuð.

Í því ljósi eru nokkrar yfirlýsingar yfirmanns efnahagsbrotadeildar í mótsögn við þetta sjálfsagða og viðtekna viðhorf réttarríkisins. Þar á meðal yfirlýsingar um að hvítflibbar geti keypt sig frá tilhlýðilegri refsingu. Þegar embættismenn setja fram slíkar fullyrðingar er mikilvægt að þær séu studdar viðeigandi dæmum eða rökum ef mark á að taka á þeim. Það er verulegt virðingarleysi við þá sem sýknaðir hafa verið í efnahagsbrotamálum að viðhorf embættisins sé að þeir séu sekir en hafi sloppið. Svo ekki sé minnst á þann áfellisdóm sem í slíkum orðum liggur um getu dómstóla til að greina kjarnann frá hisminu.

Það er afar mikilvægt að breytingar sem gerðar eru á umhverfi sem þessu séu vel hugsaðar og mótaðar af heildarsýn og djúpum skilningi á grundvallarverðmætum í samfélaginu. Illa rökstudd upphrópunarumræða er ekki til framdráttar samfélaginu og ekki samboðin stjórnmálamönnum eða embættismönnum sem vilja láta taka sig alvarlega.

Tilgangur laga og eftirlits í viðskiptalífinu er að tryggja gott og heilbrigt umhverfi. Markmið slíks eftirlits er að traust ríki á markaðnum og leikreglur séu virtar. Þannig hefur bæði Fjármálaeftirliti og Kauphöllinni tekist með ágætum að bæta umgengni á markaði án þess að hafa þurft að beita hörðustu viðurlögum. Þegar allt kemur til alls eru hagsmunir fólks og fyrirtækja hinir sömu í þessu efni og eftirlitið er þjónustuhlutverk við slík markmið. Það er ekki skynsamlegt að hlaupa til og færa verkefni frá Fjármálaeftirlitinu og Samkeppniseftirlitinu til efnahagsbrotadeildar. Þessar stofnanir þarf að efla. Það gildir einnig um efnahagsbrotadeildina sem mikilvægt er að búi bæði yfir mannafla, þekkingu og dómgreind til að takast á við flókin mál.

Nýr viðskiptaráðherra hefur einmitt sýnt því skilning að efla þær eftirlitsstofnanir sem undir hans ráðuneyti heyra og um leið er ánægjulegt að sjá að í nokkuð gassalegri umræðu um stöðu mála, lét hann ekki etja sér á forað popúlískrar umræðu um hvítflibbaglæpi og stöðu þeirra. Slík mál þarf að skoða af yfirvegaðri alvöru og utan tilfinningahita tengdum einstökum málum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðskona óskast

Heldur eru ráðamenn Sjálfstæðisflokks snöggir að lýsa frati á hugmyndir annars líffræðingsins í ríkisstjórninni að Hafró eigi frekar heima undir ráðuneyti vísinda og lista en atvinnumálaráðuneyti. Bæði Arnbjörg Sveinsdóttir og Einar Guðfinnsson hafa gert sitt besta til að blása þessa gömlu hugmynd út af borðinu. Bæði tala heldur niður til hans – svona ósjálfrátt eins og af gömlum vana. Vita þau ekki að það er meira loft í Össuri en þeim báðum til samans?

### Gamlir tryggingasérfræðingar

Hinn líffræðingurinn í ríkisstjórninni, Árni Mathiesen, þegir þunnu hljóði. Hvenær springur hann út og tjáir sig um hugmynd síns forna starfsbróður úr tryggingarbransanum? Þeir Össur og Árni Mathiesen vermdu bekki saman á Sóleyjargötu 1 fyrir margt löngu og þekkjast vel. Þeir eiga því að þekkja vel til hins varfærna viðhorfs vísindamannsins og hvernig hagsmunatengsl geta léttilega sveigt menn af leið. Þeir þekkja vel hvernig vísindaleg þekking á að vera grundvöllur fyrir skynsamlegum ákvörðunum.





### Fluttir málaflokkar

Er hugmynd Össurar svo slæm? Færi Hafró undir menntamálaráðuneyti gæfist stofnuninni aukið sjálfstæði til athafna og samstarfs við einyrkja, útibú og samstarfsstofnanir víða um land. Er það ekki að auki vægi til að styrkja þá byggðastefnu okkar tíma að dreifa mennta- og vísindastofnunum út um allar koppagrundir? Þyki mönnum farið að hlaðast mikið undir varaformann Sjálfstæðisflokksins í ráðuneyti hennar mætti taka kvikmyndaiðnaðinn úr menntamálaráðuneytinu og setja þann málaflokk í iðnaðarráðuneytið.

pbb@frettabladid.is

# Byrjað á öfugum enda í velferðarmálum

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er margt huggulega sagt um velferðarmál og ekki verður dregið í efa að nýr félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, vill vel í þeim efnum. Tillaga hennar um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna er full af háleitum markmiðum um úrbætur og þarfar aðgerðir á því sviði.

Sá er þó galli á gjöf Njarðar, eins og stjórnarandstaðan vakti rækilega athygli á og leiddi til þess að hún studdi málið með fyrirvara, að allt er í óvissu um afl þeirra hluta sem gera skal, þ.e.a.s. peninganna. Sjálfstæðisflokkurinn sendi fram á völlinn Einar Odd Kristjánsson alþingismann til að minna Samfylkinguna á að tékkheftið er uppi í fjármálaráðuneyti í höndum Sjálfstæðisflokksins.

Aðeins reynslan ein fær skorið úr um það, hvernig gengur að uppfylla fyrirheitin. Ábyrgð tillögunnar, og þá ekki síst félagsmálaráðherra, er þar með orðin fólgin í því að með fyrirheitum stjórnarsáttmálans og nefndrar tillögu eru vaktar miklar vonir og væntingar rísa hátt sem erfitt getur reynst að standa við.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í DAG | Velferðarmál

*Þarna birtist skýr forgangsröðun og það undarlega er, að Samfylkingin lætur sér þetta lynda. Að byrjað sé á öfugum enda, ef svo má að orði komast.*

### Sérkennileg ráðstöfun

Hitt er öllu lakara að eina málið sem ríkisstjórnin kaus að afgreiða á velferðarmálasviðinu og strax kemur til framkvæmda var frumvarpið um að hætta að líta til atvinnutekna fólks sem komið er yfir sjötugt og nýtur greiðslna úr almannatryggingum. Það undarlega er, að þarna var á ferðinni hrátt kosningaloforð aðeins annars stjórnarflokksins, landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins og ekkert annað.

Vissulega eru ýmis gild rök fyrir því að auðvelda að starfskraftar, reynsla og hæfileikar þess hluta aldraðra sem áfram getur og vill vera á vinnumarkaði þó komið sé yfir sjötugt nýtist, þeim og samfélaginu til góðs. En leiðin sem valin er orkar mjög tvímælis, sérstaklega úr því að ekkert er horft til þess að auðvelda þeim sem eru á bilinu 67-70 ára að vinna áfram og enn frekar þegar litið er til þess að ekkert var gert fyrir öryrkja. Þetta útskýrir ríkisstjórnin þannig að um sé að ræða fyrsta skref og hitt komi síðar.

### Enn sitja öryrkjar á hakanum

Þar með er þá orðið ljóst, að forgangsröð ríkisstjórnarinnar er þessi. Forgangsverkefnið á sviði velferðarmála var að hrinda í framkvæmd þessu eina kosningaloforði Sjálfstæðisflokksins sem snerti að öldruðum. Með fullri virðingu fyrir þeim hópi sem kominn er á þennan aldur og hefur áfram til að bera starfsorku og vilja auk þess að vera í aðstöðu til að stunda vinnu, þá verður með engu móti sagt, að þar sé á ferð hópurinn sem stendur höllustum fæti. Þvert á móti. Þetta er sá hluti aldraðra sem í raun er að breyttu breytanda best settur, þ.e.a.s. fólk sem enn nýtur góðrar heilsu og er í aðstöðu til að vinna. Reyndar viðurkenndi einn helsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins á þessu sviði, Ásta Möller þingmaður, þetta í umræðum á Alþingi á síðasta starfsdegi þess, að vissulega væru aðrir hópar lakar settir. Það yrði samt að bíða a.m.k. til haustsins að taka á þeirra málum.

Þarna birtist skýr forgangsröðun og það undarlega er, að Samfylkingin lætur sér þetta lynda. Að byrjað sé á öfugum enda, ef svo má að orði komast. Áfram liggja öryrkjar, aldraðir á milli 67 ára og sjötugs, og þó sérstaklega þeir sem sökum heilsubrests eða af öðrum ástæðum eiga þess alls ekki kost að bæta stöðu sína með vinnutekjum, óbættir hjá garði. Sú leið sem stjórnarandstaðan lagði til hefur augljósa kosti fram yfir aðferð ríkisstjórnarinnar, þ.e.a.s. að hækka frítekjumark fyrir alla upp í 80.000 kr. launatekjur á mánuði áður en til skerðinga kemur. Svipuð hækkun frítekjumarks var veigamikill þáttur í velferðarmálapakka fyrri stjórnarandstöðu með Samfylkinguna innanborðs sl. haust, auk aðgerða sem komu hinum lakast settu sérstaklega til góða.

Nú eru aðrir tímar og kátastur allra með stjórnarstefnuna er yfirtalsmaður ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum, Pétur Blöndal.

*Höfundur er formaður Vinstri grænna.*

# Tækifæri til lækkunar vaxta

UMRÆÐAN

Vextir



BJARNI MÁR GYLFASON

Líklega eru allir sammála um að vextir á Íslandi séu alltof háir og að heilbrigt atvinnulíf fáist varla þrifist til lengdar við núverandi vaxtastig. Markmið nýrrar ríkisstjórnar er að skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta og betra efnahagslegu jafnvægi. En hver eru þessi skilyrði og getur verið að einhver þeirra séu þegar fyrir hendi? Margt bendir til að svo sé og því ætti að vera í lófa lagið að lækka vexti á næsta vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans hinn 5. júlí.

Ný þjóðhagspá gerir ráð fyrir að 0,1% samdráttur verði í hagkerfinu í ár þó að útflutningur aukist verulega, einkum á áli. Þá er búist við því að atvinnuleysi aukist verulega á næsta ári og verði 3,9% sem er mikil breyting frá því sem nú er. Landsframleiðslan á fyrsta ársfjórðungi þessa árs reyndist vera því sem næst óbreytt frá fyrra ári, þjóðarútgjöld drógust saman um 10% og einkaneysla um rösklega 1%. Þetta er í fyrsta skipti í 5 ár sem einkaneysla dregst saman.

Stýrivextir eru nú 14,25%. Verði þeim breytt tekur 12-18 mánuði að ná fram fullum áhrifum. Það er óheppilegt að áhrifa hárra vaxta skuli gæta á sama tíma og verulega er tekið að hægja á. Vissulega er fyrir hendi talsverð spenna á vinnumarkaði en líkur eru á að snögglega geti dregið úr henni. Gengi krónunnar féll verulega á síðasta ári en hún hefur nú náð miklu af sínum fyrri ofurstyrk. Þessi gengissveifla gæti ýtt að vaxtalækkun nú og einhver veiking krónunnar í kjölfarið geti gengið yfir án þess að verðbólga aukist að ráði.

Miklir hagsmunir eru í húfi. Vextir hafa um langt skeið verið afar háir og gengi krónunnar sterkt. Á meðan blæðir útflutnings- og samkeppnisgreinum. Sérstaklega er ástandið erfitt fyrir sprotafyrirtæki. Þá hafa háir vextir og sterkt gengi ýtt öðrum fyrirtækjum í áhættusamar erlendar lántökur í leit sinni að viðráðanlegu vaxtastigi. Næsta tækifæri til af vinda ofan af ofurvaxtastefnunni gefst 5. júlí. Grípum það enda eru augljós skilyrði fyrir hendi.

*Höfundur er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.*

# Verða kosningaloforðin efnd?

UMRÆÐAN
Stjórnmál


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Fyrir síðustu alþingiskosningar kepptust stjórnmálaflokkarnir við að lofa eldri borgurum margs konar kjarabótum og bættri hjúkrunaraðstöðu. Sumir segja, að stjórnmálamenn efni aldrei kosningaloforðin. Það séu flest svikin. Ekki vill maður trúa því. Það verður að ætla, að flestir stjórnmálamenn vilji efna þau loforð, sem þeir gefa. Enda þótt stutt sé liðið frá síðustu þingkosningum er full ástæða til þess að fara yfir nokkur kosningaloforð og athuga hvaða líkur eru á því, að þau verði efnd.

Hér verður fjallað um málefni eldri borgara og litið á helstu kosningaloforð Samfylkingarinnar við eldri borgara. Ástæðan fyrir því að ég fjalla sérstaklega um loforð Samfylkingarinnar er sú, að ég studdi Samfylkinguna í kosningunum en áður var ég mikið að hugsa um að styðja sjálfstætt framboð eldri borgara. Ég féll frá því vegna þess, að Samfylkingin setti fram róttæka stefnu í þágu eldri borgara og gaf mörg góð loforð um bætt kjör aldraðra. Ég átti ef til vill nokkurn þátt í því að ekki varð úr framboði eldri borgara.

**Lífeyrir aldraðra hækki strax í haust**

Hver voru helstu loforð Samfylkingarinnar við aldraða? Þau voru þessi:

1 ) Lífeyrir aldraðra verði hækkaður svo hann dugi fyrir framfærslukostnaði eins og hann er metinn í neyslukönnun Hagstofu Íslands. Þetta verði gert í áföngum. (Lífeyrir aldraðra hefur ekki fylgt launavísitölu. Samfylkingin ætlar að leiðrétta þetta misrétti.)

2) Skattar á tekjur úr lífeyrissjóði lækki í 10%. 3)Frítekjumark verði hækkað í 100 þúsund á mánuði og nái bæði til atvinnutekna og tekna úr lífeyrissjóði. (Tryggingabætur skerðist ekki vegna þessara tekna.) 4) Tekjur maka skerði ekki tryggingabætur lífeyrisþega. 5) Byggð verði 400 hjúkrunarrými á næstu 18 mánuðum og biðlistum eytt. 6) Allt fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra renni til uppbyggingar á þágu aldraðra. 7) Stofnað verði embætti umboðsmanna aldraðra. 8) Skattleysismörk verði hækkuð til samræmis við launabreytingar. (Ættu að vera 140 þúsund á mánuði nú ef þau hefðu fylgt launabreytingum.)

**Ekkert framkvæmt enn**

Ekkert hefur enn verið framkvæmt af þessum kosningaloforðum enda stutt liðið frá síðustu kosningum. Það sem er þó verra er það, að mjög lítið er að finna af þessum atriðum í stjórnarsáttmálanum. Góðar almennar yfirlýsingar er þó þar að finna. Þar stendur að styrkja eigi stöðu aldraðra, draga úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu, bæta eigi hag lágtekju- og millitekjufólks, koma á auknum jöfnuði og bæta kjör þeirra, sem höllum fæti standa. Enn fremur segir þar að hraða verði uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og fjölga einbýlum. Síðasta atriðið kemst nokkuð nálægt stefnuatriði Samfylkingarinnar um hjúkrunarrými.

Mér er það ljóst, að í samsteypustjórnum verða flokkar að slá af ítrustu stefnumálum sínum og fá ekki allt sitt fram. En með því að báðir flokkarnir, Samfylking og Sjálfstæðisflokkur, börðust fyrir bættum hag aldraðra fyrir kosningar ættu þeir að geta orðið sammála um verulegar kjarabætur fyrir eldri borgara strax á haustþingi. Þau mál þola enga bið. Sú litla og gallaða tillaga, sem sumarþingið afgreiddi í þágu aldraðra hrekkur skammt. Samkvæmt henni skerða atvinnutekjur 70 ára og eldri ekki tryggingabætur en tekjur 67-70 ára valda áfram skerðingu tryggingabóta. Slík mismunun ellilífeyrisþega gengur ekki og er örugglega brot á jafnréttisákvæðum stjórnarskrárinnar. Þetta verður að leiðrétta strax í haust.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Sumarfólk hefur rétt hjá VR

UMRÆÐAN
Kjaramál


ÁRNI LEÓSSON

Við viljum leiðrétta misskilning sem fram kemur í innsendri grein Valgerðar Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra Félagsráðgjafafélags Íslands, í Fréttablaðinu 21.06 2007. Þar heldur hún því fram að í mörgum stéttarfélögum öðlist skólafólk í sumarvinnu lítil sem engin réttindi í stéttarfélagi sínu fyrir greidd iðgjöld. Þetta er ekki rétt hvað okkur varðar. Ef greidd eru iðgjöld til VR í a.m.k. einn mánuð fer hluti þess í varasjóð VR sem má nota t.d. til líkamsræktar, gleraugnakaupa o.fl. Auk þess myndast réttindi í starfsmenntasjóði sem nýta má til greiðslu námskeiðs- og skólagjalda, réttur á aðstoð kjaramáladeildar og réttur til sjúkradagpeninga.

*Ef greidd eru iðgjöld til VR í a.m.k. einn mánuð fer hluti þess í varasjóð VR sem má nota t.d. til líkamsræktar, gleraugnakaupa o.fl.*

Þegar greitt er í stuttan tíma myndast auðvitað ekki mikil réttindi í sjóðum en það eru réttindi sem safnast upp og getur munað um þegar komið er út á vinnumarkaðinn eftir að skólanámi lýkur. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að kjarasamningar VR móta vinnuumhverfi sumarstarfsmanna eins og annarra á vinnumarkaði og skólafólk í sumarstörfum leitar í miklum mæli til VR við innheimtu launa.

Við svörum að sjálfsögðu ekki fyrir önnur stéttarfélög en þykir rétt að þetta komi fram til að fyrirbyggja misskilning um þau réttindi sem fylgja aðild að VR.

*Höfundur er sviðsstjóri þjónustusviðs VR.*





**Byssuskápar á betra verði**

**Frábært verð - vaxtalausar raðgreiðslur.**

Infac byssuskáparnir eru mest keyptu byssuskápar á Íslandi síðastliðin ár.
Skáparnir eru smíðaðir úr 3ja mm þykku stáli, eru með öflugum læsibúnaði, gataðir í bak og botn til festinga. Infac byssuskápar eru viðurkenndir af yfirvöldum og í notkun hjá lögregluembættum víða um land.



**Byssuskápur fyrir 5 byssur.**
Fyrirferðarlítil og ódýr lausn. Boltalæsing, innrétting fyrir 5 byssur, topphilla.
Fullt verð kr 26.900.
Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 23.900 eða aðeins 2.459 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

**Byssuskápur fyrir 7 byssur.**
Vinsælasti byssuskápurinn á markaðnum. Boltalæsing. Innrétting fyrir 7 byssur. Læsanlegt innra hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
Fullt verð kr. 35.900.
Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 31.900 eða aðeins 3.232 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

**Byssuskápur fyrir 12 byssur.**
Stór skápur, innréttaður fyrir 12 byssur. Boltalæsing. Stórt læsanlegt hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
Fullt verð 49.900.
Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 44.900 eða aðeins 4.433 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

**Byssuskápur fyrir 14 byssur.**
Vinsæll skápur fyrir þá sem eiga margar byssur en hafa lítið pláss. Boltalæsing. Innrétting fyrir 14 byssur. Læsanlegt innra hólf fyrir skotfæri og verðmæti.
Fullt verð 39.900.
Staðgreiðslutilboð í júní aðeins 35.900 eða aðeins 3.575 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.

**Tilboðið gildir í Veiðihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5 til 1. júlí.**
**Komdu skotvopnunum í örugga geymslu áður en þú ferð í sumarfrí.**

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 Krókháls 5 – Sími 517 8050 Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

GEORGE ORWELL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1903



*„Stóri bróðir fylgist með þér.“*

***Enski blaðamaðurinn og skáldsagnahöfundurinn Eric Arthur Blair, betur þekktur undir rithöfundarnafninu George Orwell, var meðal dáðustu hugsuða tuttugustu aldarinnar. Eftir hann liggja fjölmörg heimsþekkt verk, meðal annars Animal Farm og 1984. Hann lést 21. janúar árið 1950.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25 JÚNÍ 1244

## Grjótbardagi í Flóa

Flóabardagi er eina sjóorrusta Íslendinga sem háð hefur verið við strendur landsins svo vitað sé, að frátöldum væringum varðskipa og breskra herskipa á tuttugustu öld.

Þessi sögufrægi bardagi átti sér stað á Sturlungaöld, en hann fór fram milli systkinasonanna Þórðar kakala Sighvatssonar Sturlusonar og Kolbeins unga Arnórssonar Tumasonar – sem voru þá meðal mestu höfðingja landsins.

Þórður hafði lengi sóst eftir að ná völdum á Norðurlandi eystra þar sem Kolbeinn réði ríkjum og áttu þeir í miklum deilum vegna þessa.

Hinn 25. júní árið 1244 bjó Þórður kakali fimmtán skipa flota sinn í Árnesey í Trékyllisvík og hélt með tvö hundruð manna liði út á Húnaflóann frá Skagafirði. Þar mætti hann enn stærri flota, tuttugu skipum Kolbeins unga með fjögur hundruð mönnum og hafði hvorugur vitað af hinum. Menn Þórðar höfðu skip sín hlaðin grjóti og gekk betur framan af í bardaganum en urðu að lokum að láta undan síga og Þórður flúði ásamt sínum mönnum vegna liðsmunarins, án þess að lausn fengist á deilunum. Kolbeinn missti um áttatíu menn en Þórður færri en tíu.

Ári síðar lagðist Kolbeinn banaleguna og gaf Þórði fjandmanni sínum upp Norðausturland áður en hann lést.



Með grjóti börðust þeir Þórður kakali og Kolbeinn ungi frá skipum sínum hinn 25. júní árið 1244.

### MERKISATBURÐIR

1244 Flóabardaginn, eina verulega sjóorrusta Íslendinga, var háð á Húnaflóa. Bardaginn var milli Sturlunga, (undir stjórn Þórðar kakala) og Ásbirninga (undir stjórn Kolbeins unga). Kolbeinn missti um áttatíu menn en Þórður færri en tíu.

1985 Reynir Pétur Ingvarsson, 36 ára vistmaður á Sólheimum í Grímsnesi , lauk göngu sinni hringinn í kringum landið, alls 1411 kílómetra. Gangan tók einn mánuð.

1988 Vigdís Finnbogadóttir var endurkjörinn forseti Íslands. Hún hlaut níutíu og fimm prósent atkvæða en Sigrún Þorsteinsdóttir fimm prósent.



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og mágur,*

**Hilmar J. Hauksson**

Kóngsbakka 10 og Aflagranda 20,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 14. júní. Útför Hilmars verður gerð frá Hallgrímskirkju í dag, mánudaginn 25. júní kl. 13.00.

**Monika Blöndal**
**Sara Hilmarsdóttir**
**Haukur Steinn Hilmarsson**
**Svava J. Brand**
**Þórunn Helga Hauksdóttir** **Guðmundur Sveinsson**
**Björn Torfi Hauksson** **Laufey Birkisdóttir**

✝



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Ingileifar Bryndísar Hallgrímsdóttur**

Lynghaga 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki B4 Landspítala í Fossvogi og starfsfólki Sóltúns fyrir einstaka alúð og hlýhug í veikindum hennar.

**Hallgrímur Gunnarsson** **Steinunn Helga Jónsdóttir**
**Gunnar Snorri Gunnarsson**
**Áslaug Gunnarsdóttir** **Þór Þorláksson**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Friðfinnur Anno B. Ágústsson**

lést á LHS í Fossvogi hinn 14. júní síðastliðinn . Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 26. júní kl. 13.00.

**Helga Hafberg**
**Engilbert Ólafur Friðfinnsson** **Guðbjörg Gísladóttir.**
**Hafsteinn Ágúst Friðfinnsson** **Kolbrún Birna Halldórsdóttir**
**Ari Friðfinnsson** **Þuríður Kristín Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og dóttir,*

**Hulda Kristjana Leifsdóttir**

Giljaseli 11, Reykjavík,

er lést 17. júní, verður jarðsungin frá Seljakirkju, þriðjudaginn 26. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karitas, í síma 551-5606 á milli kl. 9 og 10.

**Stefán Jón Sigurðsson**
**Steinunn Bóel Stefánsdóttir**
**Leifur Geir Stefánsson**
**Steinunn Jónína Ólafsdóttir**



BJARKI SIGURÐSSON, BÖRKUR HRAFN BIRGISSON, INGI BJÖRN INGASON, DAÐI BIRGISSON, KRISTINN SNÆR AGNARSSON

BJARKI SYNGUR Í FYRSTA SINN: RETRÓMÓDERN BLÚSROKKPOPP

# Þrír frændur og tveir vinir

Nýlega kom út geisladiskurinn Good morning mister evening þar sem söngvarinn og lagasmiðurinn Bjarki Sigurðsson, eða B.Sig, lætur til sín taka í fyrsta sinn á því sviði. Með honum á plötunni eru meðal annars frændur hans, Börkur og Daði Birgissynir, sem eitt sinn léku með Jagúar, en það var einmitt á tónleikaferð þeirrar sveitar sem hugmyndin að Good morning mister evening kviknaði.

„Við frændur sátum í New York, átum pönnukökur og drukkum sjeik þegar einn okkar lagði til að einhvern tíma ættum við að gera saman plötu,“ útskýrir Börkur. „Í kjölfarið sendi Bjarki okkur Daða lög sem hann hafði samið heima hjá sér og þá kom í ljós að maðurinn lá á gulli – og það var ekkert lítið heldur voru þetta svona þrjú hundruð hugmyndir sem hann dældi inn í tölvuna mína. Sumar svo góðar að það varð engin spurning að við urðum að gera úr þessu plötu.“

Ingi Björn bassaleikari og Kristinn trommari gengu til liðs við sveitina síðasta vor og síðan þá hafa félagarnir unnið jafnt og þétt að verkinu. Næstkomandi föstudag verða svo fyrstu tónleikarnir haldnir eftir útgáfu disksins, en þeir fara fram á nýjum og endurbættum Gauki á Stöng.

Frændurnir Bjarki og Börkur eru ekki alveg vissir um hvernig á að lýsa tónlistinni en Börkur reynir þó og segir hana eins konar retrómódern blúsrokkpopp. Bjarki er hins vegar ekki jafn viss „Ég veit það ekki, þetta er svona blanda af gleði og því að reyna að sannfæra fólk um eitthvað – bara fyrst og fremst skemmtileg tónlist.“

**mhg@frettabladid.is**




Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is


AFMÆLI



**Haraldur Jóhannesson** ríkislögreglustjóri er 53 ára.



**Þórarinn V. Þórarinsson** lögfræðingur er 53 ára.



**Dallas-þættirnir** gömlu eiga sér marga aðdáendur. Á vefsíðunni ultimatedallas.com er hægt að komast að ýmsu um persónur þáttanna og tengsl þeirra innbyrðis. Þar á meðal er hnappur sem hægt er að smella á sem kemur með nýjar og nýjar tilvitnanir úr þáttunum. Flestar eru þær frá J.R. Ewing.

**Pentagon** þurfti að taka 1500 tölvur af netinu í vikunni vegna þess að óprúttnum aðilum hafði tekist að hakka sig inn á kerfi þeirra. Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði að þetta hefði ekki haft veruleg áhrif á starfsemina, en hún muni þó raskast í nokkra daga. Aðspurður hvort einhver hefði komist í tölvupóstinn hans, svaraði hann því til að hann væri ekki mjög tæknilegur og notaði ekki tölvupóst.

**Farsímanotkun** er víða orðin að fíkn. Samkvæmt rannsókn sem skýrt er frá í tímaritinu CNet svöruðu eitt af hverjum þremur ungmennum í Bretlandi því til að þeir myndu ekki gefa farsímann sinn upp á bátinn fyrir hálfan milljarð króna. Þátttakendur voru allir á aldrinum 16 til 24 ára.




# allt











# Þýðingarforrit með skilningi

Matthías Sigurður Magnússon hjá Alneti vinnur að útgáfu nýstárlegs þýðingarforrits sem þýðir ekki frá orði til orðs heldur heilu setningarnar úr íslensku yfir á ensku. Sjá umfjöllun á síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,7%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 20.6.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI

Fíton/SÍA

**Greindarvísitala** Elsta systkinið er oftast með hæstu greindarvísitöluna samkvæmt nýrri norskri rannsókn. Rannsóknin tók sérstaklega mið af drengjum. Greint er frá henni í New York Times.

# Þýðir texta yfir á ensku

***Alnet sendir frá sér nýtt þýðingarforrit á næsta ári. Forritið þýðir texta úr íslensku yfir á ensku.***



Matthías Sigurður Magnússon hjá Alneti vinnur að útgáfu nýstárlegs þýðingarforrits sem þýðir ekki frá orði til orðs heldur heilu setningarnar úr íslensku yfir á ensku. Sjá umfjöllun á síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er ekki dæmigert þýðingarforrit, sem þýðir einstaka orð yfir á ensku, heldur heilu setningarnar, greinarnar og jafnvel bækurnar setningafræðilega rétt,“ segir Matthías Sigurður Magnússon, starfsmaður Alnets, sem hefur, allt frá árinu 2003, unnið hörðum höndum að hönnun nýstárlegs þýðingarforrits.

Að sögn Matthíasar getur forritið aðeins þýtt úr íslensku yfir á ensku enn sem komið er, en ekki öfugt. „Við töldum það bæði einfaldast og hafa meira notagildi. Til dæmis fyrir ferðaþjónustu- og framleiðslufyrirtæki, sem kynna sig á íslensku og síðan ensku úti í heimi. Maður rekst alltof oft á vefsíður þar sem fyrirtæki eru kynnt í löngu máli á íslensku og enskur útdráttur fylgir með. Auðvitað ætti textinn að vera jafn ítarlegur. Þannig næst betur til markaðarins.“

Reiknað er með að fyrsta útgáfa af þýðingarforritinu verði tilbúin á næsta ári og verði þá aðgengileg á netinu, þar sem hún fæst keypt. Líkt og forritið www.ordabok.is sem Alnet hefur einnig umsjón með. „Hugsanlega verður þetta líka viðbót við tölvupóstforrit, eins og Outlook,“ bendir Matthías á. „Þá er hægt að skrifa póst á íslensku og láta forritið síðan snara textanum yfir á ensku.“

Þar sem um fyrstu útgáfu er að ræða, segir Matthías að alltaf megi búast við lítils háttar skekkjumörkum í þýðingunni. „Forritið á kannski eftir að birta nokkra valmöguleika á þýðingu á tilteknu íslensku orði. Í flestum tilvikum hefur það þekkingu til að takast á við slík vafamál, en í sumum tilvikum verður notandinn að taka þann valmöguleika, sem hann telur henta best. Þetta er náttúrulega bara byrjunin og útgáfan því skammlaus, en kannski ekki alveg fullkomin.

*roald@frettabladid.is*

# Í skýjunum með Dreamliner

***Dreamliner frá Boeing-fyrirtækinu er búin öllum helstu þægindum.***

Boeing Business Jets afhjúpaði á dögunum myndir af og innan úr nýju Boeing 787 VIP flugvélinni, Dreamliner, sem tekur 223 farþega í sæti og talið er að verði tekin í almenna notkun á næstu árum.

Myndirnar sýna hvernig nýja flugvélin verður útbúin alls kyns þægindum og nýjungum, þar á meðal fullkomnum flatskjám, afþreyingar- og viðskiptamiðstöðvum.

Marga langar sjálfsagt að vita hvort farþegar muni geta hringt úr farsímum sínum meðan á flugi stendur, en því miður fylgdi það ekki sögunni og verður bara að koma í ljós.

Eins og áður sagði voru myndirnar nýlega hafðar til sýnis og vöktu þá mikla lukku viðstaddra á viðskiptaráðstefnu og sýningu Mið-Austurlanda, sem haldin var í Dubai. Boeing-fyrirtækið ætti því ekki að eiga í nokkrum vandræðum með að fá til sín farþega þegar vélin verður tekin til almennrar notkunar.

*- rve*



Nýja Boeing 787 VIP eins og hún lítur út.



Ekki mun væsa um farþega Dreamliner.

FRÁBÆR SUMARTILBOÐ!
www.tb.is
Þægileg þráðlaus háhraðatenging með USB2.0 Dongle frá CNet! Verð aðeins 2.500 kr.
Glæsilegar Sony Vaio fartölvur standast ýtrustu kröfur! Verð aðeins 139.900 kr.
Þráðlaust iPARTY hljóð í HiFi græjurnar! Eingöngu fyrir iPod Mini. Verð aðeins 8.550 kr.
Tæknibær
Skipholti 50c · Sími 551 6700 · www.tb.is

Handrið og stigasmíði
Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.
Nýtt -glerpunktafestingar 50mm
Q-Railing - Engin rafsuða - einfalt og snyrtilegt! Inni og úti handriða- og stigasmíði, 304 og 316 ryðfrítt stál
ATLANTSKAUP
Upplýsingar á www.atlantskaup.is
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6, 112 Reykjavík S:533-3700

pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
· ENGIN MÁLNINGAVINNA
· HVORKI FÚI NÉ RYÐ
· FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
· FALLEGT ÚTLIT
· MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
· ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING
PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u
Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð
Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds
PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

ÞINGHOLT
Skipholt 15, 105 Reykjavík
Sími 590 9500
www.thingholt.is
Traust fasteignasala í 30 ár
Þórarinn Kópsson, lögg. fast.sali, kopsson@thingholt.is
Kjartan Kópsson, sölufulltrúi, kok@thingholt.is
Ingvi Rúnar, sölufulltrúi, ingvi@thingholt.is
Þórarinn Egill, sölufulltrúi, toti@thingholt.is
Frum
Til sölu eða leigu
atvinnuhúsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi
Tilboð óskast í hluta húsnæðis við Smiðjuveg 2 sem er 3.090 m² og skiptist í 4 fastanúmer, 1.766,3m² verslunar- og lagerrými, 680,5 m² vörugeymslu, 428 m² skrifstofur og 215,2 m² íbúð. Þetta húsnæði er afar vel staðsett og hentar vel undir verslunarstarfsemi.
Nánari upplýsingar veittar á skifstofu Þingholts í síma 590 9500




Bílabankinn

Óskum eftir fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum á skrá og á staðinn. Bílabankinn erum í bílakjarnanum Eirhöfða 11 og má sjá söuskrá www.bilabankinn.is s. 588 0700.

Palomino Colt 05, sólarsella, svefntjöld, hljómflutningstæki og tveir gaskútar. Vel með farið. Verð 910 þ S. 895 6025.

## Tjaldvagnar

Óskum eftir vel með förnum tjaldvagni með fortjaldi. Verð um 200 þ.kr. Uppl. í símum 8942608 og 8933608



Til sölu Holiday Camp Sport '06. Uppl. í s. 421 3058 eftir kl. 17.

Óska eftir að kaupa fortjald á Holiday Camp Ægisvagn. Uppl. í s. 895 3022.

Óska eftir vel með förnum, ódýrum tjaldvagni (má vera gefins). Uppl í s. 867 8987.

Camplet tjald Til sölu tjald á Camplet tjaldvagn dökkbl. og grátt selst á 70.000,- Sími 896 9604.

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Sliskjur f/vinnuvélar Úrval af ál-sliskjum fyrir léttar sem þungar vinnuvélar og farartæki. Burður upp í 30t ! ALORKA s. 577-3080 www.alorka.is



**Lyftarar - tilboð**
1,8t rafm.lyftari, 1.190þ án vsk. 2,5t dísellyftari, 1.490þ án vsk. Nýjir lyftarar á sértilboði. ALORKA, s. 577-3080. www.alorka.is

CASE Grafa, 7Tonn, Árg '99, Gúmmíbelti, 3 Skóflur, Tönn, 2,8milj. +Vsk, 867 2647

## Hjólbarðar

JEPPADEKK.is

## Varahlutir

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper, Galloper o.fl. teg.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Lagersala á nýjum húsgögnum, frá Ítalíu frá kl. 9 -16, alla daga. Allt að helmings afsl. Visa/Euor. Melabraut 17 hfj. að ofanverðu S. 820 4055






**Garðhúsgögn! Rýmingarútsala!!**
Landsins mesta úrval af garðhúsgögnum. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.



**Fyrirtæki og stofnanir**
**Stubbastrumpar. Viltu losna við sígarettustubba og tyggjóklessur? Einnig til á vegg. Framleiðandi One Stone ehf Pöntunarsímar 661 3799 & 892 3750.**

## Gefins

Eeldhúsinnrétting fæst gefins gegn því að vera tekin niður. Eldhúsinnrétting, vifta og vaskur. Uppl. í s. 553 0438 & 699 4166.

Stofuskápur, bókahilla og frystir fæst gefins geng því að vera sótt. Uppl. í s. 899 7601.

## Heimilistæki

Nýlegur 155 cm ísskápur (ekki frystir) til sölu. Verð 15 þús. S. 691 5791.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.15.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

## Tölvur

Hringiðan
INTERNET tengingar
3.990.- kr.
525 2400
www.vortex.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



# Bílabúð Benna

**100% VAXTALAUS LÁN TIL ALLT AÐ 48 MÁN af völdum bílum og LÆKKUÐ VERÐ af fjölda bifreiða**



**Daewoo Musso E-23 Grand Luxe,**
8/2000, ek. 96 þ. km, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, dráttarbeisli, CD, Loftkæling, rafm. í rúðum og speglum, stigbretti, þjófavörn o.fl.
Ásett verð: 1.350 þús
**Tilboð: 990 þús.**



**Ssangyong Musso 2.9 diesel,**
1/1998, ek. 195 þ. km, sjálfskiptur, álfelgur, armpúði, dráttarbeisli, rafm. í rúðum og speglum, túrbína, intercooler o.fl.
Ásett verð: 670 þús.
**Tilboð: 460 þús.**



**Daewoo Tacuma CDX,**
6/2004, ek. 64 þús. km, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, líknarbelgir, rafm. Í rúðum og speglum, þakbogar, fjarstýrðar samlæsingar, ný tímareim o.fl.
Ásett verð: 1.190 þús.
**Tilboð: 890 þús.**



**Daewoo Lanos 1.5 SE,**
8/2000, ek. 84 þ. km, sjálfskiptur, innspýting, líknarbelgir, rafm. í rúðum, veltistýri, nýleg tímareim o.fl.
Ásett verð: 430 þús.
**TILBOÐ 350 þús.**



**Isuzu Trooper 3.0 Diesel,**
3/2000, ek. 169 þús. sjálfskiptur, 32" breyttur, ABS, álfelgur, dráttarbeisli, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, stigbretti o.fl
**Ásett verð: 1.380 þús.**



**Daewoo Musso Grand Luxe E-23,**
10/2000, ek. 75 þús. km, ABS, álfelgur, dráttarkúla, CD, rafm. í rúðum og speglum, stigbretti o.fl.
Ásett verð 1.290 þús.
**Tilboð: 990 þús.**



**Daewoo Musso Grand Luxe E-32,**
7/2000, ek. 80 þús. km, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, dráttarbeisli, filmur, CD, kastarar og kastargrind, reyklaus, þakbogar o.fl.
Ásett verð: 1.490 þús.
**Tilboð: 1.090. þús.**



**Nissan Terrano II SE,**
8/1998, ek. 158.þús. km, beinskiptur, álfelgur, dráttarbeisli, CD, rafm. í rúðum, stigbretti, þakbogar o.fl.
**Ásett verð: 855 þús.**



**Subaru Legacy outback**
10/1998, ek. 170 þús. km, 5 dyra, ssk, abs, álf. draáttarkrókur,topplúga, cd, kastarar, rafm. í rúðum og speglum. Nýlega upptekið hedd og fl. Verð 690 þús.
**Tilboð 390 þús. stgr.**



**Daewoo Evanda Executive**
6/2003, ek 24 þús. km, 4 dyra, ssk. abs, álf. fjarstýrðar samlæsingar, topplúga, leður, kastarar, rafm. í rúðum og speglum o.fl. Glæsilegur bíll.
Verð 1.690 þús.
**Tilboð 1.450 þús.**



**Subaru Impreza 2,0 GX Wagon**
6/2002, ek. 89 þús. km, 5 dyra, ssk. abs, dráttarkrókur, cd, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, kastarar, cd og fl. Verð 1.120 þús.
**Tilboð 950 þús. stgr.**



**Suzuki Baleno Glx Wagon**
6/1998, ek. 152 þús. km, 5 gra, 5 dyra, álf. rafm. í rúðum, líknarbelgir o.fl. Ný tímareim í 97 þús.
Verð 450 þús.
**Tilboð 330 þús. stgr.**

**BÍLDSHÖFÐA 10 – S: 577 2800 / 587 1000**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir aðila til að þrífa og fleira að Miðhrauni 10, Garðabæ. Ca 4-5 tíma á dag. Vinnutími sveigjanlegur. Upplýsingar í síma 565 0875.**

**okkur vantar**
**Vantar menn með reynslu í múrverk - við smíðar og handlang.**
**Múr og Tré ehf. S. 856 6565 Einar.**

Íspólska ráðningarþjónustan útvegar pólskt starfsfólk. Við erum í Póllandi og veitum aðstoð við önnur viðskipti t.d. byggingarvörur og fasteignakaup. S. 0048669587238 eða ispolska@ispolska.com

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf/vaktavinnu. Einnig vantar pizzabakara í kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar gefur Hlynur í s. 899 7719.

Byggingafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vönum verkamanni í vinnu. Uppl. í s. 869 3959 & 896 9515.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neigbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

Húsasmiðir eða menn vanir smíðum óskast til starfa hið fyrsta. Næg verkefni framundan. Uppl. í s. 662 0400

Viltu vinna með skemmtilegu fólki? Hefurðu þjónustulund? Langar þig að vinna á litlum veitingastað og bar? Ef svo er, hafðu þá samband á Litla ljóta Andarungann Lækjargötu S. 849 5422.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**


VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000,- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík


Vanur smiður getur tekið að sér ýmis verk, vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 867 5323.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



**Hjálp!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu. Vilja foreldrar ath. í hjólageymslum hjá sér fyrir mig.**

**Halló! Ég heiti Arnar Freyr og er 11 ára. Fyrir nokkru gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól frá Örninum í Skeifunni. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 4 vikum, það var tekið hjá kóngulóarleiktækinu hjá Fjölbraut í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek strákahjól. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinum mínum í hjólreiðatúr. Mamma og ég erum búin að leita voða mikið af hjólinu mínu.**

**Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!**

## Ýmislegt




## Einkamál


SPILAÐ AF GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS


**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

## TIL SÖLU




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Hert gler ...í milliveggi
Íspan GLER OG SPEGLAR
Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is


## ATVINNA

ÁLFTANESSKÓLI

„Nú tekur hýrna um hólma og sker"

**Óskum að ráða:**
**Grunnskólakennara á miðstig 100 % starf**

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri í símum 5404700 og 8215009 netfang: gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.
Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is

**Skólastjóri**


allt heimili
Alla fimmtudaga


## FASTEIGNIR

**Söluturninn Hringbraut 16**
220 Hafnarfjörður
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Stærð: 83,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1981
Brunabótamat: 11.700.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Lind





Bókaðu skoðun í s. 864 0803

Verð: tilboð óskast

Remax Lind kynnir til sölu lítið fjölskyldufyrirtæki - rekstur og húsnæði Söluturnsins að Hringbraut í Hafnarfirði. Söluturninn er einstaklega vel staðsettur við lóðarmörk Flensborgarskólans. Húsið er 83,2 fm á 500 fm lóð sem býður upp á mikla möguleika. Hugmyndir eru uppi um að setja upp bílalúgur og samkvæmt úttekt umferðarverkfræðings eru engin umferðarleg vandkvæði á því. Rekstrinum fylgir öll þau tæki sem fyrir eru í dag ss. ísvél, ísbar, grill, frystikistur omfl.

Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi





Þórarinn
Lögg. fa

thorarinn@remax.is



RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is



## TILKYNNINGAR

Skipulagsstofnun

## Efnistaka í Hrossadal í Mosfellsbæ

## Mat á umhverfisáhrifum - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt á mati á umhverfisáhrifum efnistöku í Hrossadal í Mosfellsbæ samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Niðurstaða Skipulagstofnunar er að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lúti að ónæði vegna umferðar efnisflutningabifreiða fyrir dvalargesti í frístundabyggð í nágrenninu, auk þess sem þungaflutningarnir geti haft í för með sér neikvæð áhrif á núverandi umferðaröryggi og að mikilvægt sé að endurbætur verði gerðar á Nesjavallavegi í samráði við Vegagerðina. Þá telur Skipulagsstofnun að að ekki hafi verið sýnt fram á hver verði áhrif hávaða frá sprengingum og annarri starfsemi á efnistökusvæðinu í frístundabyggðinni og að framkvæma þurfi tilraunir með sprengingar í því námusári sem fyrir er á svæðinu til þess að mæla titringsáhrif og hljóðstig í frístundabyggðinni. Með ákvæðum í framkvæmdaleyfi er að mati Skipulagsstofnunar unnt að setja skilyrði sem tryggja að hávaði frá sprengingum og annarri starfsemi á efnistökusvæðinu verði viðunandi í frístundabyggðinni.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Stróks ehf. má sjá á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is**

**Skipulagsstofnun**

## Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

**Tillaga að breyttu miðbæjarskipulagi fyrir lóðina Strandgötu 26-30, í Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 12. júní 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu miðbæjarskipulagi fyrir lóðina Strandgötu 26-30 í Hafnarfirði, í samræmi við 1. mgr. 26. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að lóðir nr. 26, 28 og 30 við Strandgötu verða sameinaðar og sú lóð stækkuð til vesturs. Í stað fjögurra hæða þjónustuhúss með íbúðum kemur þriggja hæða verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhús, ásamt íbúðum í tveimur 6 hæða turnbyggingum sem tengdar eru saman með stigagangi. Húsið verður mest 9 hæðir. Efsta hæð þjónustubyggingarinnar er inndregin frá Strandgötu. Heimilit verður að sambyggja við Fjarðargötu 13-15 og Strandgötu 26-30. Hámarksnýtingarhlutfall hækkar úr 2.6 og 3.2 í 4.5.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 22. júní 2007 - 20. júlí 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 3. ágúst 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR! Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is


Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

Einfalt mál

F i t o n / S Í A F I 0 1 9 9 0 2



Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.



**Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga**



**Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2**



**Markaðurinn á Vísi alla daga**


# STUÐ MILLI STRÍÐA Tilboð tilboð – þetta er svo ódýrt!

**ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR SKILUR** EKKI KAUPGLEÐI ÍSLENDINGA



Það er eitthvað í genunum á Íslendingum. Við erum kaupóð upp til hópa og þjáumst af tilboðsfíkn. Ég kann ekki líffræðilegar útskýringar á sjúkdómnum en í hvert sinn sem erlendir menn koma hingað til landsins og auglýsa vörur á tilboði verður allt vitlaust. Ástandið er verst þegar raftæki eiga í hlut. Það þarf ekki annað en skrifa auglýsingu þar sem segir: „Raftæki á verði sem ekki hefur sést áður,“ og hálf þjóðin hleypur af stað. Þá skiptir engu hvort það er í raun satt að verðið hafi ekki sést áður og það er algjört aukaatriði hvort varan er í alvörunni á tilboði – svo lengi sem hún er sögð vera það birgja Íslendingarnir sig upp.

Í síðustu viku barst mér auglýsing í pósti þess efnis að erlendir sölumenn ætluðu að halda ofurútsölu á saumavélum í Kringlunni. Þótt ég sé hreinræktaður Íslendingur var ekkert við þessa auglýsingu sem fékk hjarta mitt til að slá örar. Að því leytinu er ég ólík meginþorra Íslendinga sem las auglýsinguna og missti vitið.

Vinnu minnar vegna var ég stödd í Kringlunni þegar ósköpin hófust og þótt ég hafi reynt ýmislegt um ævina hef ég aldrei lent í öðru eins. Fólk tróðst niður milli saumavélastaflanna og æstir kaupendur með tryllingsglampa í augunum reiddu fram Visa-kortin til þess að tryggja sér saumavél. Af æsingnum og mannfjöldanum mátti ráða að ekki hefðu fengist saumavélar á klakanum frá því fyrir stríð og annar hver maður sem lagði leið sína í Kringluna þessa daga kom þaðan út með saumavél. Ekki vegna þess að áhugi á saumaskap hafi aukist heldur vegna þess að vélarnar voru á tilboði.

Ég hef lagt höfuðið í bleyti og ákveðið að hefja innflutning á einhverjum vörum til að selja óðum Íslendingum. Saumavélar rokseljast þótt enginn kunni að sauma og því hlýt ég að geta stórgrætt sama hvaða vöru ég kýs að selja, svo lengi sem hún gengur fyrir rafmagni og er með tilboðsmiða.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Skyggndar merkur Sigfúsar

Vitað er fyrir löngu að Þorsteinn Þorsteinsson væri að vinna í skáldskap Sigfúsar Daðasonar (1928-1996). Hafa birst nokkrar stakar ritgerðir eftir Þorstein sem nú eru komnar í stærra samhengi Ljóðhúsa, rits hans um skáldskap Sigfúsar á forlagi JPV. Þetta er stór bók: 427 síður með skrám og ítarleg umfjöllun um nær fimmtíu ára feril skálds í sex kverum, 126 ljóðum, auk þýðinga.

Þorsteinn á fullan aðgang að handritum og persónulegum gögnum skáldsins, hann byggir einnig á viðtölum við vandamenn hans og vini, þræðir samviskusamlega önnur skrif hans, fetar sig gegnum ljóðaheim Sigfúsar af kurteisi og kunnáttu um sögu ljóðlistar Íslendinga frá upphafi og það sem meira er: hann setur Sigfús ekki aðeins í samhengi bókmennta Evrópu og í minna mæli Bandaríkjanna á síðustu öld, heldur stillir hann kveðskap Sigfúsar í samhengi klassískrar menntunar, einkum í brögðum mælskulistar og bragarháttum sem þróast hafa frá fornu fari úr ljóðaheimum Grikkja og þaðan um hinn latneska menningarheim hingað norður. Kunnátta íslenskra manna í latnesku er líklega ein skýring þess að hættir og brögð lifðu hér lengi: þekking Jóns Þorlákssonar, Sveinbjarnar Egilssonar og hans áa og nemenda, Jónasar og þeirra pilta. Um þann þráð er ekkert vitað þegar latneskri þekkingu og lestri á latínuritum eftir íslenska menn er ábótavant.

Það er stærsta nýmæli þessa rits að hér er berum orðum lýst hvernig uppreisnarmenn atómljóðsins eins og þeir voru kallaðir stóðu á fornklassískum grunni hefðar rétt eins og forgöngumenn þeirra Eliot, Pound og fleiri. Þar með er kippt í eitt skipti fyrir öll teppinu undan þeim grunnhyggnu gagnrýnendum sem enn telja auðveldast að henda saman texta án stuðla og höfuðstafa.

Hitt, sem er meginefni þessa rits, að skáldskapur Sigfúsar Daðasonar er mikill, merkilegur, djúpur og dásamlegur kemur þeim sem eru honum handgegnir ekki á óvart. Aðferðir Þorsteins við að lesa læsta og dimma staði í höfundarverki Sigfúsar eru margbreytilegar, helst hann forðist bólusóttina frönsku sem hér hefur geisað um nokkra hríð, en halli sér frekar að eldri aðferðum. Hann fer víða í hliðstæðuleit við hugmyndir og lausnir Sigfúsar. Heldur gnæfir Brecht yfir Þorsteini, en það er svo sem í lagi þótt hliðstæður í skáldskap þeirra Sigfúsar séu margar sprottnar fremur af tilviljun en ásetningi. Hugmyndir fara fljúgandi um, þyrlast upp og finna sér skjól.

Ljóðhús er merkileg bók: kaflaskipti eru skynsamleg, hreinsa mátti handritið af endurtekningum. Höfundurinn skrifar skýran og einfaldan texta, er nálægur og innilegur í tóni og heldur sér til baka í aðdáun sinni á meistaranum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**BÓKMENNTIR**

**Ljóðhús**

Þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar

Þorsteinn Þorsteinsson

JPV

★★★★★

Mikilvæg bók um eitt okkar merkasta ljóðskáld á seinni helmingi síðustu aldar.

# Hús Finn Juhl að safni

Heimili danska húsgagnameistarans Finns Juhl verður gert að safni, greindi Ritzau frá fyrir helgi. Hann bjó ásamt konu sinni, Hönnu Wilhelm Hansen, í Carlottenlundi, einu úthverfa Kaupmannahafnar. Það verður listasafn Ordrupgaard sem tekur yfir eignina sem er um 1700 fermetrar að stærð.

Finn Juhl var einn frægasti hönnuður sinnar tíðar. Hann lést

**NÝ TÓNLIST**

Út er komin hljómdiskurinn Sælureit-







„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
LADDI 6-TUGUR
Fim 28/6 kl. 20 UPPS. Síðasta sýning
LJÓTU HÁLFVITARNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAU 30/6 KL. 21 MIÐAVERÐ KR. 1.800
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

Sýningar á söguloftí
MR. SKALLAGRÍMSSON
Júní: 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
Ágúst: 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti
Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Jasshátíð Egilsstaða á Austurlandi
27. júní til 30 júní 2007
20 ára afmælishátíð þar sem fram koma
James Carter
Deitra Farr
The Riot
Jagúar
Andrea Gylfa
og fleiri
Allar nánari upplýsingar um dagskrá og miðasölu má finna á vefsíðunni:
jea
www.jea.is

Straumborg
Straumborg ehf., kt. 500894-2109, hefur gefið út víxla á grundvelli tveggja lýsinga (SBORG 07 1019 heildarstærð kr. 3.000.000.000 og SBORG 08 0521 heildarstærð kr. 2.250.000.000) sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt og gert aðgengilegar almenningi frá og með 25. júní 2007.

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 3.000.000.000 var gefinn út þann 15. janúar sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. SBORG 07 1029, ISIN nr. IS0000013902. Víxlarnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. þann 25. júní 2007. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 19. október 2007.
- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 2.250.000.000 var gefinn út þann 21. maí sl. og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands hf. SBORG 08 0521, ISIN nr. IS0000014868. Víxlarnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. þann 25. júní 2007. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf sem skulu endurgreiðast þann 21. maí 2008.

Lýsingar er hægt að nálgast hjá útgefanda Straumborg ehf., Skemmuvegi 2, 200 Kópavogi, og á vefsetri útgefanda Straumborgar ehf., www.straumborg.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 25. júní 2007
KAUPÞING

Árshátíð - Brúðkaup - Ferming - Erfidrykkja - Afmæli - Fundur - Ráðstefna - Átthagakvöld - Sýning
Treystu fagfólki fyrir þínu teiti
Veislu- og fundaþjónusta með 30 ára reynslu
Nýtt og fullkomið hátæknieldhús og búnaður
Fagleg matargerð sem snertir bragðlaukana
Hágæða þjónusta og lipurð í framsetningu
Glæsilegir, fallegir, stílhreinir og vel búnir salir
Viðburðarstjórnun, ráðgjöf og skemmtikraftar
Teiti Veisluþjónusta Broadway

Skoðaðu sali, veitingar, þjónustu á teiti.is
Teiti veisluþjónusta - Ármúla 9 Reykjavík - Sími 5331100

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Hlöllabátar á Akureyri

„Hlöllabátar hafa alltaf verið í uppáhaldi hjá mér,“ segir Gunnþór Ingólfsson, rekstrarstjóri Hlöllabáta á Akureyri, en skyndibitastaðurinn var nýlega opnaður fyrir norðan og er til húsa í gömlu Borgarsölunni í miðbænum. Gunnþór er ánægður með staðsetninguna sem hann segir mjög góða. „Við erum hér á horninu á göngugötunni og Ráðhústorginu og ætlum að hafa opið á daginn, á næturnar og um helgar,“ segir hann og bætir við að svona stað hafi vantað í veitingahúsaflóruna á Akureyri. „Ég held að þetta hafi verið einmitt það sem vantaði hingað og er mjög bjartsýnn á að þetta muni ganga vel.“ Gunnþór segist hafa leitast eftir að hafa staðinn sem líkastan Hlölla-bátum í Reykjavík. „Ég fór suður og kynnti mér starfsemina þar. Hér verða veggborð og barstólar svo það verður hægt að tylla sér niður. Þetta verður alveg eins og fyrir sunnan og nú þurfa Akureyringar ekki lengur að keyra suður til að fá sér Hlöllabát.“

indiana@frettabladid.is




**GUNNÞÓR INGÓLFSSON REKUR HLÖLLABÁTA Á AKUREYRI** „Þetta verður alveg eins og fyrir sunnan og nú þurfa Akureyringar ekki lengur að keyra suður til að fá sér Hlöllabát.“ MYND/HEIÐA.IS

# Yfirlýsing á næstunni



EMMA BUNTON

Breska stúlknasveitin Spice Girls ætlar að tilkynna um framtíðaráform sín á næstu dögum. Miklar vangaveltur hafa verið uppi um að stúlkurnar ætli að koma saman á ný jan leik eftir margra ára hvíld.

Kryddpíurnar hafa selt yfir þrjátíu milljónir platna og komist á toppinn víða um heim. Eftir gífurlegar vinsældir á tíunda áratugnum ákváðu þær að einbeita sér að sólóferlum með afar misjöfnum árangri. Talið er að píunar ætli í tónleikaferð um heiminn og að ný plata sé væntanleg úr þeirra herbúðum.

# Lög um heimsku



JOSÉ GONZALEZ

Sænski trúbadorinn José Gonzalez gefur út sína aðra sólóplötu, In Our Nature, 25. september. Á plötunni verða tíu lög sem voru tekin upp á þremur vikum í heimaborg Gonzalez, Gautaborg.

„Eiginlega öll lögin fjalla um mannlegt eðli, aðallega heimsku. Annaðhvort er ég að ásaka sjálfan mig eða mannkynið í heild sinni fyrir heimsku. Flest er þetta samt gert á frekar skondinn hátt.“

Fyrsta plata Gonzalez, Veneer, kom út fyrir tveimur árum og vakti á honum mikla athygli. Hélt hann meðal annars tónleika á Iceland Airwaves-hátíðinni við góðar undirtektir.

# Eddie Murphy er pabbinn

**Langri bið Melanie Brown er loks á enda því nýlega var henni tilkynnt að pabbi hinnar þriggja mánaða gömlu Angel Iris væri gamanleikarinn Eddie Murphy.**



**EDDIE MURPHY**
Neitaði frá fyrsta degi að vera pabbi Angel Iris.

Breska götublaðið The Sun greinir frá þessu. Eddie Murphy hefur neitað frá fyrsta degi að hann sé pabbi stelpunnar en dómari í Los Angeles skikkaði Eddie í faðernispróf. Niðurstöðurnar bárust fyrir helgi og er Mel B sögð vera í skýjunum með að þetta skuli vera komið á hreint. Náinn vinur Kryddstúlkunnar segir hana reyndar alltaf hafa vitað að Murphy væri faðirinn. „Og henni finnst ótrúlegt að það skuli hafa þurft DNA-próf til að sýna fram á það,“ hefur The Sun eftir vininum. „Hún er himinlifandi yfir því að sannleikurinn sé kominn í ljós og ætlar að einbeita sér að því að vera mamma.“

Mel og Eddie þóttu á sínum tíma nokkuð undarlegt par og kom það fjölmiðlum í opna skjöldu að þau skyldu stinga saman nefjum. Mel varð síðan ólétt eftir nokkurra vikna samband en Adam var ekki lengi í paradís. Eddie hætti með henni í hollenskum sjónvarpsþætti og krafðist þess að fram færi faðernispróf. Gamanleikarinn lýsti því síðan yfir að ef hann reyndist vera faðirinn myndi hann standa sína plikt. Angel Iris er sjöunda barn Eddie en annað barn Mel sem á stúlkuna Phoenix Chi með Jimmy Gulzar. Samkvæmt The Sun hefur söngkonan verið að hitta kvikmyndaframleiðandann Stephen Belafonte á milli þess sem hún undirbýr endurkomu Spice Girls á föstudaginn í þessari viku.




**MEL B**
Himinlifandi að sannleikurinn skuli vera kominn í ljós.


SANN LEIKUR!

Nissan Pathfinder Adventure er fullbúinn bíll*

* Nissan Pathfinder ADVENTURE SE

- 33” breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós

4.950.000 kr.




Ingvar Helgason

# Stjarnan skín skært




TÓNLIST
**Release the Stars**
Rufus Wainwright
★★★★

Hæfileikar Wainright sem lagahöfundur eru einfaldlega einstakir og eiga í raun engan sinn líka. Laglínur hans er gæddar einstökum ljóma sem hefur ekki eingöngu heillað almenning og gagnrýnendur heldur merka menn á borð við Elton John, Leonard Cohen og Morrisey. Við þetta allt saman bætist hin sveimandi rödd Wainwrights sem túlkar viðkvæma texta hans á sannfærandi hátt.

Platan er sú fyrsta sem kemur út frá Wainwright síðan 2004, þegar seinni Want-platan kom út en Want-plöturnar tvær eru þær sem komu honum fyrst almennilega á kortið. Á Release the Stars fjallar Wainwright um persónuleg viðfangsefni og er yfirleitt opinskár með eindæmum. Í hinu frábæra Going to a Town fær Ameríka á smettið og í Sanssouci ræðir Wainwright tímabundinn sjónmissi vegna eiturlyfjaneyslu sinnar. Magnað lag.

Fyrir utan fyrrnefnd lög má kannski helst nefna Do I Disappoint You, Between My Legs og Slideshow sem aðra hápunkta plötunnar. Platan sem heild rennur afar meitluð í gegn og þrátt fyrir oft íburðarmiklar útsetningar, með strengjum, brassi og látum, þá verður hún aldrei einum of.

Góðir gestir koma líka við sögu á plötunni en þar ber helst að nefna Neil Tennant úr Pet Shop Boys. Tennant hafði yfirumsjón með upptökum plötunnar sem fóru fram í Berlín. Gaman hversu margir tónlistarmenn eru heillaðir af því að taka upp tónlist sína í Berlín sem er reyndar ekki skrýtið. Svo verður auðvitað að gæta þess að það komi fram að viðkomandi hafi verið í Berlín, Wainwright sannar slíkt með laginu Tiergarten. Umfram allt sannar Wainwright samt á plötunni hversu öflugur tónlistarmaður hann er.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# Paris Hilton þakklát

Paris Hilton þreytist ekki á að veita viðtöl úr fangelsinu og nú er hún alveg sannfærð um að hún sé orðin miklu betri manneskja eftir alla þessa fangelsisdvöl. American Idol-kappinn Ryan Seacrest spjallaði við Paris sem sagðist vera miklu þakklátari núna. „Ég er miklu þakklátari fyrir allt sem ég fæ, hvort sem það er koddi á kvöldin eða matur,“ sagði Paris auðmjúk í viðtalinu sem stóð yfir í um tíu mínútur. „Að miklu leyti er ég mjög ánægð að hafa lent í þessu því þetta hefur breytt lífi mínu að eilífu.“






# Þegar Paul hitti John

Bítillinn Paul McCartney gaf nýlega út enn eina plötuna og heitir hún Memory Almost Full. Getty-myndavefurinn safnaði af þessu tilefni saman gömlum myndum af goðinu og má þar sjá hann frá sex ára aldri til dagsins í dag. Þarna er meðal annars að finna myndir frá hans fyrri árum sem tónlistarmaður en í júlí eru liðin fimmtíu ár frá þeim örlagaríka degi þegar hann hitti John Lennon.

Hljómsveit Lennons, The Quarrymen, spilaði þá í garðinum á bak við St. Peters-kirkju í Liverpool og eftir tónleikana var hann kynntur fyrir hinum fimmtán ára McCartney. Sá síðarnefndi sýndi Lennon hve snilldarlega hann stillti gítarinn og tók síðan fyrir hann lögin Twenty Flight Rock og Be-Bop-A-Lula. Paul var að sjálfsögðu boðið í hljómsveitina nánast á staðnum og upphófst þar með afdrifaríkt og heimsfrægt samstarf.

- bor



**Á HJÓLI** Paul hjólar með sígarettu í munnvikinu í London hinn 27. febrúar árið 1966.

NORDICPHOTOS/GETTY



**SUNDKAPPAR** Bítlarnir fá sér sundsprett í sundlaug í Flórída. Febrúar 1964.



**TURTILDÚFUR** Hér ræðir blaðamaðurinn Linda Eastman við Bítilinn Paul McCartney á blaðamannafundi vegna nýútkominnar Sergeant Pepper's Lonely Hearts Club Band. Þau giftust tveimur árum síðar.



**ÍTHITASVÆKJU** Tónleikaferðalögin geta tekið á. Myndin er tekin á hótelherbergi í Alaska 28. júní árið 1966 en hljómsveitin hélt svo til Tókýó þar sem túr um Asíu hófst.



**ELDIST VEL** McCartney er nú orðinn 65 ára en er alltaf sami töffarinn.



**BÍTLARNIR SKÁLA Í TEI** Myndin er tekin í október árið 1965.

# Viðeigandi minnisvarði Strummer

The Future Is Unwritten er nafnið á heimildarkvikmynd um Joe Strummer, söngvara bresku hljómsveitarinnar The Clash, sem lést í kjölfar hjartaáfalls í desember 2002. Myndin, sem er gerð af þeim margreynda rokkmyndahundi Julien Temple, hefur fengið mikið lof. Það verður að teljast ólíklegt að hún berist hingað til lands fyrr en DVD-útgáfa hennar kemur út í september, en platan með tónlistinni úr myndinni er þegar komin.

Það eru 20 lög á plötunni og einnig eru brot úr viðtölum við Strummer og kynningar frá honum á nokkrum laganna. Strummer var með útvarpsþátt á BBC World Service frá 1999–2002 þannig að mikið er til af hljóðrituðu efni með honum. Á plötunni eru bæði lög með Strummer sjálfum og þeim tónlistarmönnum sem höfðu áhrif hann eða hann hafði sérstakt dálæti á. Í fyrri flokknum eru meðal annars lög með The Clash (sumar hljóðritanirnar áður óútgefnar), The 101ers og Joe Strummer & The Mescaleros, en í þeim seinni lög með Elvis Presley, MC5, Tim Hardin, U-Roy, Eddie Cochran, Ernest Ranglin, Bob Dylan o.fl. Þarna er líka frábær útgáfa Rachid Taha af Rock The Cashbah.

Þó að platan nái ekki alveg utan um tónlistarferil Joe Strummer þá gefur hún mjög skýra og góða mynd af manninum. Hún er líka nógu vel unnin til þess að virka fersk og spennandi fyrir aðdáendur sem gjörþekkja útgefið efni með Strummer. Og hún gefur skemmtilega leiftursýn inn í tónlistarsögu síðustu aldar.

The Future Is Unwritten kvikmyndaplatan er á heildina litið vel heppnaður pakki sem lofar mjög góðu um myndina sjálfa. Viðeigandi minnisvarði um merkilegan tónlistarmann.

**Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**

**The Future Is Unwritten**

Joe Strummer

★★★★

The Future Is Unwritten er óvenju vel heppnuð kvikmyndaplata sem gefur góða mynd af tónlistarmanninum og persónunni Joe Strummer.





ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L | OCEAN´S 13 VIP | kl. 5:30 | |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | | PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L | ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| OCEAN´S 13 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 3 - 8:15 - 10:20 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 4:15 - 6:15 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 - 8 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD | kl. 8 | L |
| FANTASTIC FOUR | kl. 8 | L |
| CODE NAME... | kl. 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 12 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 6 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 18 |

www.laugarasbio.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD (ENSKT TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK THE THIRD LÚXUS | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE LAST MIMZY | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS



# Ósátt við móður sína

Britney Spears virðist vera eitthvað ósátt við móður sína og íhugar nú að sækja um nálgunarbann á hana. Britney heimsótti víst lögfræðing sinn fyrr í vikunni til þess að spyrjast fyrir um bannið en þá yrði Lynne, móður Britneys, bannað að nálgast börn dóttur sinnar.

Samkvæmt heimildarmönnum var stjarnan víst afar reið móður sinni fyrir að senda sig í meðferð vegna áfengisfíknar sinnar og þunglyndis. Lynne stóð svo víst með fyrrverandi eiginmanni Britneys, Kevin Federline, þegar parið átti í forræðisdeilum yfir sonum þeirra, Sean Preston og Jayden James. Lynne vill þó ekkert kannast við þetta og segir samband hennar við dóttur sína vera mjög ástríkt. „Það er mjög sorglegt að allur heimurinn þurfi að fylgjast með henni þegar hún gerir mistök sem við öll gerum einhvern tíma á ævinni. Britney er umhyggjusömust og ástríkust af mínum börnum. Hún er bara að átta sig á lífinu,“ sagði móðir Britneys.



**BRITNEY SPEARS** Söngkonan umdeilda er síður en svo sátt við móður sína og íhugar að fara fram á lögbann á hana. Britney hefur mátt þola ýmislegt síðustu mánuði.

# Háð ísraelskum húðvörum

Söngkonan Madonna er að eigin sögn algjörlega háð vissum ísraelskum húðvörum. Madonna er orðin 48 ára og lítur vissulega ekki út fyrir það enda hugsar hún mjög vel um líkamann. Henni þykir þó húðin í andlitinu hafa orðið útundan og var yfir sig ánægð þegar Kabbalah-meistarinn hennar, Karen Berg, sagði henni frá ótrúlegum húðvörum sem halda hrukkum og línum í burtu.

„Í húðvörurnar eru notuð náttúruleg sölt og þörungar úr Dauðahafinu sem hefur víst mjög góð áhrif á húðina. Madonna er svo hrifin af vörunum að hún löðrar þeim á sig morgna sem kvöld,“ sagði heimildarmaður. „Hún hefur vel efni á að kaupa dýrari vörur en tekur Laline-vörurnar fram yfir annað.“



**MADONNA** Hefur uppgötvað ísraelsku húðvörurnar sem innihalda sölt og þörunga úr Dauðahafinu.



**MICK HUCKNALL** Söngvari Simply Red hefur eignast sitt fyrsta barn.

# Eignaðist sitt fyrsta barn

Mick Hucknall, söngvari Simply Red, hefur eignast dóttur með kærustu sinni, Gabriellu Wesberry. Þetta er fyrsta barn Hucknall, sem er 47 ára. Hucknall og Wesberry hittust fyrst snemma á tíunda áratugnum en hættu saman 1995. Árið 2003 byrjuðu þau síðan aftur saman. Hucknall hefur verið kenndur við ýmsar konur í gegnum tíðina, þar á meðal Catherine Zeta-Jones og Helenu Christensen.

Simply Red kom fram á sjónarsviðið árið 1985 með smáskífulaginu Money´s Too Tight To Mention. Sveitin sló endanlega í gegn með plötunni Stars árið 1991, sem hefur selst í rúmum fjörutíu milljónum eintaka. Síðasta plata sveitarinnar, Stay, kom út í mars síðastliðnum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Viðtökur við nýjustu mynd **Angelinu Jolie**, A Mighty Heart, eru mjög misjafnar en Angelina hefur hins vegar fengið góða dóma fyrir sinn þátt í myndinni. Þar leikur hún Mariane Pearl sem hefur viða-





www.volkswagen.is




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## > AGF kvaddi með tapi

AGF kvaddi í gær dönsku 1. deildina með tapi en liðið var fyrir lokaumferð deildarinnar í gær búið að tryggja sér úrvalsdeildarsæti fyrir næstu leiktíð. AGF tapaði á heimavelli fyrir HIK, 3-1, en tæplega átján þúsund manns voru á vellinum. Kári Árnason hefur staðið sig vel með liðinu síðan hann gekk til liðs við það í vetur en hann var ekki með í gær.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GARÐAR GUNNLAUGSSON: HEFUR SKORAÐ ELLEFU MÖRK Í TÍU LEIKJUM Í SÆNSKU 1. DEILDINNI**

# *Farið langt fram úr mínum björtustu vonum*

Skagamaðurinn Garðar Gunnlaugsson hefur verið að gera það afar gott með IFK Norrköping í sænsku 1. deildinni. Hann hefur skorað ellefu mörk í tíu leikjum með liðinu og er langmarkahæsti leikmaður deildarinnar. Annar íslenskur sóknarmaður er hjá liðinu, Stefán Þór Þórðarson, sem skoraði tvívegis í 3-1 sigri á Sirius í toppslag deildarinnar í vikunni.

„Árangurinn hefur farið langt fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef skorað 21 mark í 24 leikjum síðan ég kom til liðsins síðasta sumar," sagði Garðar við Fréttablaðið. „Það er svo auðvitað draumur allra sóknarmanna að ná að skora meira en eitt mark að meðaltali í leik."

Norrköping er nú með níu stiga forystu á toppi sænsku deildarinnar en vegna fjölgunar í úrvalsdeildinni á næsta ári komast þrjú lið upp úr 1. deildinni í haust. Norrköping er sem stendur með fjórtán stiga forskot á liðið í fjórða sæti og stendur því afar vel.

„Norrköping er gamalt stórveldi í sænskri knattspyrnu og kominn tími á að liðið fari upp í úrvalsdeildina á nýjan leik. Það er gaman að fá að vera hluti af því."

Hann sér alls ekki eftir því nú að hafa gengið til liðs við félagið. „Ég hef bætt mig heilmikið sem knattspyrnumaður og er boltinn í þessari deild sterkari en heima. Hér eru betri einstaklingar og hraðinn er meiri. Við spiluðum við Fylkismenn í æfingaleik í vor sem töluðu einmitt mikið um hvað hraðinn væri mikill."



Garðar virðist því hafa veðjað á réttan hest þegar hann fór til Norrköping. „Þetta er svipað því þegar ég fór í Val. Það var liðið í 1. deildinni og þá valdi ég rétt. Það er vonandi að þetta haldi áfram á þessari braut."

Hann á eitt og hálft ár eftir af samningi sínum við Norrköping, rétt eins og Stefán Þór, og mun væntanlega ákvarða framhaldið með forráðamönnum félagsins að tímabilinu loknu.



**HREIÐAR** Leikur með Sävehof í Svíþjóð á næsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hreiðar Guðmundsson færir sig um set:

# Hreiðar til Sävehof

**HANDBOLTI** Hreiðar Levy Guðmundsson, landsliðsmarkvörður í handbolta, hefur samið við sænska úrvalsdeildarliðið Sävehof til eins árs.

„Þetta bar allt mjög brátt að. Þeir byrjuðu að ræða við mig um svipað leyti og landsleikirnir við Serbíu fóru fram en ég ýtti þessu frá mér þar til þeim lauk. En svo ákvað ég bara að skella mér á þetta," sagði Hreiðar við Fréttablaðið í gær.

Aðalmarkvörður Sävehof gekk til liðs við þýska úrvalsdeildarliðið Hamborg fyrir skemmstu og mun því Hreiðar taka hans stöðu hjá liðinu.

„Það verður afar gott að komast í þennan sænska skóla handboltamarkvarða. Svíar eiga marga heimsklassamarkverði, þeir eru til dæmis margir í þýsku úrvalsdeildinni," sagði Hreiðar.

Aðeins einn annar íslenskur markvörður er atvinnumaður en það er Birkir Ívar Guðmundsson, leikmaður Lübbecke í Þýskalandi.

En Hreiðari líst vel á Sävehof enda um sterkt lið að ræða. Liðið varð í öðru sæti í sænsku deildinni í vor og urðu meistarar í fyrra. „Þetta gæti orðið góður stökkpallur fyrir mig ef ég næ að standa mig vel. Ég hef svo sem áður fengið tækifæri til að komast út en fannst vera rétti tíminn nú."

**- esá**




# Þrenn íslensk silfurverðlaun

**Norðurlandamót ungmenna í fjölþraut fór fram í Vejle í Danmörku um helgina og fengu íslenskir keppendur þrenn silfurverðlaun auk þess að bæta ýmis met.**

**FRJÁLSAR** Íslenskir keppendur í fjölþraut gerðu góða ferð til Vejle í Danmörku um helgina þar sem fram fór Norðurlandamót í fjölþraut. Íslensku ungmennin hlutu þrenn silfurverðlaun.

Helga Margrét Þorsteinsdóttir bætti eigið meyjamet í sjöþraut er hún náði 5.428 stigum og varð í öðru sæti í flokki 17 ára og yngri. Hún varð einnig í öðru sæti á mótinu í fyrra, en hlaut fleiri stig í þetta sinn.

Einar Daði Lárusson varð sömuleiðis annar í sama aldursflokki en hann hlaut 6.965 stig í tugþraut. Hann var einungis 21 stigi frá drengjameti Sveins Elíasar Sveinssonar sem hann setti á þessu sama móti í fyrra. Þá vann Sveinn Elías en Einar Daði varð þriðji.

Sjálfur vann Sveinn Elías silfurverðlaun í flokki 18-19 ára þar sem hann er á yngra ári. Hann hlaut samtals 7.170 stig sem er nýtt Íslandsmet í þessum aldursflokki. Hann náði þar með lágmarki í tugþraut fyrir Evrópumeistaramót 19 ára og yngri sem fer fram í næsta mánuði.

Þorsteinn Ingvarsson varð fjórði í sama flokki.

„Mér gekk vel alveg fram að næstsíðustu grein," sagði Sveinn Elías. „Ég var slæmur bæði í mjöðminni og olnboga í spjótkastinu og náði því ekki mínu besta fram þar."



**SVEINN ELÍAS ELÍASSON** Með gullverðlaun sín frá Norðurlandamóti ungmenna í fjölþraut sem fór fram í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann vann þó síðustu greinina, 1.500 metra hlaup, og tryggði sér þar með örugglega silfurverðlaunin. Auk þess bætti hann Íslandsmet 17-18 ára í stangarstökki um einn sentimetra sem og í 400 m hlaupi.

Sigurvegarinn í þessum flokki, Lars Vikan Rise frá Noregi, náði besta árangri mótsins er hann hlaut 7.348 stig. „Ég vann hann í öllum greinum nema kastgreinunum. Ég er slakastur í þeim og mun nánast eingöngu æfa köstin fram að EM."

Auk þess að keppa í tugþraut á EM hefur Sveinn Elías einnig náð lágmarki í 400 m hlaupi og 400 m grindahlaupi. Hann segir að það fari eftir dagskrá mótsins hvort hann geti keppt í þeim greinum en muni annars einbeita sér að tugþrautinni.

**eirikur@frettabladid.is**

Fimm leikir í norsku úrvalsdeildinni í gær:

# Stabæk á toppinn

**FÓTBOLTI** Stabæk er komið á topp norsku úrvalsdeildarinnar eftir leiki gærdagsins. Veigar Páll Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Stabæk sem vann góðan 1-0 útisigur á Tromsö. Þar með er liðið komið með tveggja stiga forskot á Brann sem tapaði í gær fyrir Viking, 3-1. Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason léku allan leikinn í vörn Brann en þeir Birkir Bjarnason og Hannes Þ. Sigurðsson sátu á bekknum hjá Viking. Hannes kom inn á á lokamínútunni. Ármann Smári Björnsson á við meiðsli að stríða og var ekki í hópi Brann né heldur Höskuldur Eiríksson hjá Viking.

Viking er í þriðja sæti deildarinnar ásamt Lilleström sem vann 1-0 heimasigur á Start. Hvorki Viktor Bjarki Arnarsson hjá Lilleström né Jóhannes Harðarson, leikmaður Start, komu við sögu.

Garðar Jóhannsson lék allan leikinn fyrir Fredrikstad sem tapaði 2-1 fyrir Strömsgodset.

Tólftu umferðinni lýkur í kvöld með leik Lyn og Rosenborg.

Marel Baldvinsson kom inn á sem varamaður hjá Molde sem vann 3-2 sigur á Bryne í 1. deildinni í Noregi í gær. Gamli FH-ingurinn Allan Borgvardt var í byrjunarliði Bryne en var tekinn af velli í hálfleik.



**VEIGAR PÁLL** Kominn á toppinn í norsku úrvalsdeildinni með Stabæk. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Einn Íslendingur var í eldlínunni í Svíþjóð í gær. Ari Freyr Skúlason kom inn á sem varamaður í hálfleik hjá Häcken sem tapaði, 2-1, fyrir Åtvidaberg á útivelli.

**- esá**



**SIGURVEGARAR Í KARLAFLOKKI** Örn, Haraldur og Davíð. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Kaupþingsmótaröðin:

# Haraldur vann í bráðabana

**GOLF Haraldur Heimisson vann í gæt mót á Hólmsvelli á Leirunni sem er hluti af Kaupþingsmótaröðinni í golfi. Hann vann eftir keppni í bráðabana við Davíð Má Vilhjálmsson.**

**Í kvennaflokki bar Ragnhildur Sigurðardóttir nauman sigur úr býtum í kvennaflokki en hún lék á 20 höggum yfir pari, einu betur en Nína Björk Geirsdóttir. Tinna Jóhansdóttir varð þriðja.**

**- esá**



**SIGURVEGARAR Í KVENNAFLOKKI** Tinna, Nína og Ragnhildur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16″ álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

Hefur gæðin

# TUCSON SPORT

## Frá kr. 27.700 á mánuði*




Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17″ álfelgur, vindskeið
Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

Ricky Hatton varði IBO-meistaratitil sinn í léttveltivigt gegn Jose Luis Castillo í Las Vegas í fyrrinótt:

# Ricky Hatton gekk frá Castillo strax í fjórðu lotu

**HNEFALEIKAR** Einn athyglisverðasti hnefaleikabardagi ársins fór fram í Las Vegas í fyrrinótt þegar Bretinn Ricky Hatton vann Jose Luis Castillo frá Mexíkó með rothöggi í fjórðu lotu. Þar með varði hann IBO-titil sinn í léttveltivigt og er enn ósigraður á atvinnumannaferli sínum.

Rothöggið var ekki hefðbundið höfuðhögg heldur sló Hatton Castillo í hægri síðuna með gríðaröflugum vinstri krók. Castillo gekk í burtu og hneig svo niður í gólfið.

„Hann hæfði mig mjög vel,“ sagði Castillo. „Þetta var fullkomið högg. Ég gat hvorki andað né staðið upp.“

Hatton sagðist hafa verið sigurviss strax í upphafi bardagans og var sérstaklega ánægður með höggröðina sem gerði útslagið.

„Hausinn inn, vinstri krókur, vinstri krókur og þar með var það búið,“ sagði Hatton. „Ég fann það í hjarta mínu strax í fyrstu lotu að hann myndi ekki endast lengi.“

Hatton var að berjast í þriðja sinn í röð í Bandaríkjunum en hann vakti enga sérstaka undrun í sínum fyrstu tveimur bardögum þar. „Þessi var mun betri. Ég undirbjó mig mjög vel.“

Öllum hnefaleikaáhugamönnum dreymir nú um að sjá Hatton gegn Floyd Mayweather yngri sem er talinn besti hnefaleikamaður heims, pund fyrir pund.

„Það var meira að gerast í þessum fjórum lotum í kvöld en Floyd hefur þurft að kljást við allan sinn feril,“ sagði Hatton einfaldlega þegar hann var spurður um hvort hann myndi mæta Mayweather í hringnum. - esá



**HATTON OG WAYNE ROONEY** Þeir Hatton og Rooney eru góðir félagar þótt Hatton styðji Manchester City. Rooney leikur vitanlega með Manchester United en var honum til halds og trausts í Las Vegas. NORDIC PHOTOS/GETTY






**MEISTARAR** Hollenska U-21 landsliðið fagnaði titlinum vel og innilega. NORDIC PHOTOS/GETTY

EM U-21 landsliða:

## Holland vann annað árið í röð

**FÓTBOLTI** Hollendingar urðu í fyrrakvöld Evrópumeistarar landsliða skipuð leikmönnum 21 árs og yngri, annað árið í röð. Þeir unnu Serba í úrslitaleik, 2-1, en keppnin var haldin í Hollandi.

Hollendingar voru með 1-0 forystu í hálfleik en skömmu eftir að þeir skoruðu sitt annað mark fékk leikmaður Serbíu að líta rauða spjaldið. Holland skoraði þriðja markið áður en Serbarnir náðu að klóra í bakkann. En þá innsigluðu heimamenn sigurinn með marki á 67. mínútu. - esá



**KANOUTE** Lyftir hér bikarnum sem Sevilla fékk að loknum sigrinum á Getafe. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sevilla bikarmeistari:

## Kanoute fer ekki frá Sevilla

**FÓTBOLTI** Frederic Kanoute mun ekki fara frá Sevilla eins og fjallað hefur verið mikið um í ensku pressunni undanfarið. Hann hafði verið orðaður við Newcastle, Portsmouth og Bolton.

Kanoute skoraði sigurmark Sevilla í úrslitaleik spænsku bikarkeppninnar sem fór fram í fyrrakvöld. Hann fékk svo að líta rauða spjaldið undir lok leiksins.

„Ég á tvö ár eftir af samningi mínum við Sevilla og ætla mér ekki að fara neitt,“ sagði Kanoute. Ég hef lesið mikið að undanförnu sem er alls ekkert satt.“

Sevilla lenti í þriðja sæti spænsku deildarinnar og skoraði Kanoute 21 mark á tímabilinu. Hann hefur áður leikið á Englandi bæði með West Ham og Tottenham. - esá



**HART BARIST** Úr leik Breiðabliks og KR frá því fyrr í sumar. Blikinn Greta Mjöll Samúelsdóttir verður væntanlega í eldlínunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsbankadeild kvenna:

# Heil umferð í kvöld

**FÓTBOLTI Heil umferð fer fram í Landsbankadeild kvenna í kvöld þar sem hæst ber stórveldaslagur Breiðabliks og Vals á Kópavogsvelli.**

**Valsstúlkur eru ósigraðar á toppi deildarinnar, rétt eins og KR. Breiðablik er í þriðja sæti með sjö stig eftir fjórar umferðir.**

**Þá mætast nýliðarnir í deildinni, lið Fjölnis og ÍR á Fjölnisvellinum. Fylkir tekur á móti Stjörnunni og KR mætir Þór/KA á heimavelli. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.** - esá



**FEDERER** Á blaðamannafundi í Wimbledon í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Wimbledon hefst í dag:

# Nær Federer að jafna met Borg?

**TENNIS** Í dag hefst keppni á Wimbledon-mótinu í tennis. Efsti maður á heimslistanum, Roger Federer, getur með sigri á mótinu unnið sitt fimmta Wimbledon-mót í röð og jafnað þar með met Svíans Björns Borg.

Rafael Nadal er helsti keppinautur Federer á mótinu en kapparnir mættust í úrslitum opna franska mótsins þar sem Nadal bar sigur úr býtum. - esá

Leikmannamál KR í körfunni:

# Búinn að fylla í allar stöðurnar

**KÖRFUBOLTI KR-ingar hafa fengið til liðs við sig þriðja erlenda leikmanninn fyrir komandi leiktíð en á laugardag var gengið frá samningi við Samir Shaptahovic sem kemur frá Kósóvó.**

**Shaptahovic er leikstjórnandi og segir Benedikt Guðmundsson að þar með sé hann búinn að fylla í allar stöðurnar fyrir komandi átök. Fyrir var KR búið að fá Bandaríkjamanninn Joshua Helm og Jovan Zdravevski sem lék með Skallagrími í fyrra.**

**„Shpatahovic er traustur leikmaður sem kann að stýra sóknarleik og getur skapað fullt fyrir félaga sína," sagði Benedikt.**

**Þeir JJ Sola, Tyson Patterson og Edmond Azemi munu ekki leika með KR á næstu leiktíð.** - esá

Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, um framtíðina hjá Barcelona:

# Höfum ekkert heyrt frá Barcelona

**FÓTBOLTI** Koma Thierry Henry til Barcelona hefur glætt þeim sögusögnum að Eiður Smári Guðjohnsen sé á leið frá félaginu nýju lífi. Hann er sem fyrr orðaður við fjöldamörg félög í ensku úrvalsdeildinni þar sem hann lék með Chelsea um árabil.

Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára, gat lítið sagt um framtíð hans.

„Ég hef ekki hugmynd um hvort þetta breyti einhverju hvað varðar Eið Smára," sagði Arnór í samtali við Fréttablaðið. „Við höfum alla vega ekkert heyrt neitt frá neinum þannig að við erum bara rólegir."

Hann segir að það hafi aldrei komið til tals að yfirgefa Barcelona eins og stendur. Eiður er nú nýbyrjaður í sumarfríi.

Undirbúningstímabilið í Englandi hefst hins vegar snemma í næsta mánuði og má því búast við að félög þar vilji ganga frá sínum leikmannamálum sem allra fyrst.

Meðal þeirra félaga sem hafa helst verið orðuð við Eið Smára eru Englandsmeistarar Manchester United, Newcastle og Portsmouth ásamt West Ham og Sunderland. Líklegt verður þó að teljast að Eiður Smári vilji leika með liði sem spilar í Meistaradeild Evrópu og er því Manchester United líklegasti kosturinn af ofantöldum liðum. - esá



**TVEIR GÓÐIR** Eiður Smári og Ronaldinho eru mestu mátar eins og sjá má. NORDIC PHOTOS/AFP





Þrjár sérverslanir - ein netverslun

Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð

Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór.
Einhverjar mest keyptu öndunarvöðlurnar á markaðnum.
Fullt verð 32.800.
Pakkatilboð aðeins 27.880.

Simms L2 öndunarvöðlur og Simms L2 skór.
Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði.
Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum.
Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 44.800.
Pakkatilboð aðeins 37.990.

Scierra fluguveiðipakki.
Scierra Avalanche einhenda ásamt Scierra fluguhjóli með góðri bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur.
Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900

Scierra tvíhendupakki.
Scierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet.
Vandað Scierra fluguhjól úr áli. Scierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.

Scierra Canyon veiðijakki.
Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun.
Fullt verð 17.995. Nú á tilboði í júní aðeins 14.495

Scierra MBQ vöðlur og skór.
Vinsæll öndunarvöðlupakki á frábæru verði.
Fullt verð 29.990.
Pakkatilboð aðeins 19.950.

Ron Thompson Aquasafe veiðijakki.
Vinsæll, vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 12.995. Nú á tilboði í júní aðeins 9.995.

Ron Thompson neoprenvöðlur.
4mm þykkt efni. Styrkingar á hnjám.
Góður brjóstvasi.
Fóðruð stígvél með filtsóla.
Fullt verð 12.995.
Nú á tilboði í júní aðeins 8.995

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 Krókháls 5 – Sími 517 8050 Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

### Evangeline Lilly

Evangeline var fyrst uppgötvuð af umboðsskrifstofu Ford og bauðst í kjölfarið fyrirsætusamningur. Hún hafnaði tilboðinu í fyrstu en ákvað að láta slag standa til að borga háskólanám sitt. Lilly þykir mikill mannréttindasinni og bjó meðal annars á Filippseyjum í litlum kofum og rak mannréttindanefnd í skólanum sínum. Hún leikur hina eitilhörðu Kate í sjónvarpsþáttunum Lost sem eru á dagskrá RÚV klukkan 21.10.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ KRISTJÁN HJÁLMARSSON VILL MEIRA AF ÍSLENSKU BARNAEFNI**

## *Blaki gerir betur en Robin*



Í löndum eins og á Spáni er litið á þá sem talsetja sjónvarpsefni sem kvikmyndastjörnur og komið fram við þá sem slíka. Góður vinur minn sat eitt sinn til borðs á veitingastað með manni sem les inn á spænskar myndir fyrir Bruce Willis. Þegar þjónustustúlkan þekkti rödd sessunautarins trylltist hún af fögnuði og kom fram við hann eins og hverja aðra Hollywoodstjörnu – dekraði og daðraði við hann og lét öllum illum látum.

Talsett sjónvarpsefni vekur hins vegar sjaldan lukku hjá Íslendingum enda gera þeir óspart grín að þjóðum sem gera slíkt – segja það einna helst líkjast illa talsettum karate- eða dónamyndum. Sjálfur hef ég aldrei verið hrifinn af talsettu sjónvarpsefni nema þegar kemur að efni sem beint er að börnum.

Íslenskt barnaefni, hvort sem um er að ræða alíslenska framleiðslu eða talsett efni, er því miður af skornum skammti í sjónvarpi hér á landi. Ríkissjónvarpið og Stöð 2 hlúa nokkuð að því en því miður bara ekki nóg. Hjá RÚV fer oftast nær um hálftími á virkum degi í íslenskt barnaefni en afgangurinn í erlent. Stöð 2 gerir aðeins betur, sýnir meira af íslensku efni en erlendu. Sem dæmi má nefna tvo þætti sem eru af svipuðum toga og sýndir eru á stöðvunum tveimur, annars vegar Robin og félaga í Teen Titans og Leðurblökumanninn hins vegar. Ríkissjónvarpið sýnir fyrrnefnda þáttinn með ensku tali. Þau börn sem ég þekki til og hafa áhuga á þættinum skilja oftast hvorki upp né niður í honum. Annað er hins vegar að segja af Leðurblökumanninum því þar talar Blaki sjálfur íslensku sem og allir hans óvinir.

Vissulega er það kostnaðarsamt að talsetja barnaefni og það laðar kannski ekki að jafn marga auglýsendur og vinsælustu þættir stöðvanna. Það er líka vissulega miklu hollara og heilbrigðara fyrir börn að leika sér, lesa, föndra eða gera eitthvað gáfulegra við tímann en að horfa á sjónvarp. En það hlýtur engu að síður að vera skylda Ríkissjónvarpsins að sýna meira af íslensku barnaefni en erlendu úr því það sýnir slíkt efni á annað borð.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Yfirvofandi hamfarir SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** Saved STÖÐ 2



▶ **18.00** The prince and me STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Arrested Development SIRKUS



▶ **21.00** Runaway SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra Grís** (20:26)
**18.06 Lítil prinsessa** (19:30)
**18.16 Halli og risaeðlufatan** (15:26)
**18.30 Vinkonur** (40:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Yfirvofandi hamfarir** (Five Disasters Waiting to Happen) Bresk heimildamynd um náttúruhamfarir sem gætu orðið vegna loftslagsbreytinga. Leitað er svara við því hvar líklegast er að hörmungar dynji yfir og hvort hægt sé að fyrirbyggja þær með einhverjum hætti.
**21.05 Lífstílssjúkdómar** (3:5) Stuttir þættir um heilsufarsvandamál sem steðja að mannkyninu. Í þessum þætti er fjallað um mataræði og næringu. Dagskrárgerð: Jón Þór Víglundsson. Framleiðandi: Vertigo ehf.
**21.15 Lífsháski** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Anna Pihl** (2:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Leikstjóri er Carsten Myllerup og meðal leikenda eru Charlotte Munck, Iben Hjejle, Paw Henriksen, Kurt Ravn og Peter Mygind.
**23.10 Út og suður** (4:16) e.
**23.40 Kastljós**
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Foyle's War - Eagle Day**
**08.00 The Big Bounce**
**10.00 Cheaper By The Dozen 2**
**12.00 The prince and me**
**14.00 The Big Bounce**
**16.00 Cheaper By The Dozen 2**
▶**18.00 The prince and me**
**20.00 Foyle's War - Eagle Day**
**22.00 Dark Water** Hágæða japönsk hrollvekja um konu sem telur sig hafa fundið draumaíbúðina þar til hún verður vör við vatnsleka.
**00.00 Open Range**
**02.15 Dirty Deeds**
**04.00 Dark Water**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Villingarnir**
**07.50 Myrkfælnu draugarnir**
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (76.114)
**10.10 Grey's Anatomy** (35.36)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (16.24)
**13.55 Sacred Planet**
**14.40 Extreme Makeover** (5.23)
**15.25 Punk'd** (4.16)
**15.50 Galdrastelpurnar** (13.26)
**16.13 BeyBlade**
**16.38 Shoebox Zoo**
**17.03 Batman**
**17.23 Froskafjör**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (14.22)
**20.05 Men In Trees NÝTT** (2.17)
**20.50 Pirate Master** (4.14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvörusjóræningjaskipi.
▶**21.35 Saved** (5.13) Rómantískir spennuþættir í anda Grey's Anatomy þar sem fylgst er með sjúkraflutningamönnum í blíðu og stríðu.
**22.20 Bordello of Blood** Lilith er illskan holdi klædd. Hún rekur vændishús í líkhúsi og þar fer fjöldi viðskiptavina inn sem á ekki afturkvæmt. Stranglega bönnuð börnum.
**23.45 Las Vegas** (9.17)
**00.30 Mary Shelley's Frankenstein** (e)
**02.30 Afterlife** (3.8)
**03.20 Saved** (5.13)
**04.05 Men In Trees NÝTT** (2.17)
**04.50 The Simpsons** (14.22)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Entertainment Tonight**
▶**20.00 Arrested Development** (17.18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að rembast við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjuðustu fjölskyldu sem um getur, að Simpson-fjölskyldunni meðtalinni. Jason Bateman fékk Golden Globe verðlaunin 2005 sem besti gamanleikari í aðalhlutverki fyrir túlkun sína á Michael en þátturinn hefur unnið til fjölda annarra verðlauna. 2004.
**20.25 Pussycat Dolls Present. The Search** (8.8) Stúlknasveitin heimsfræga Pussycat Dolls leitar að nýjum meðlim í hljómsveitina. Þúsundir stúlkna sóttu um starfið en aðeins níu þeirra voru valdnar til áframhaldandi þátttöku. Stúlkunum níu er komið fyrir í íbúð í Los Angeles þar sem þær munu ganga í gegnum stífar æfingar og áskoranir. Þurfa stelpurnar m.a. að geta dansað, sungið og hannað sín eigin föt ef þær ætla að eiga möguleika á að komast í hljómsveitina. Það er Mark McGrath úr hljómsveitinni Sugar Ray sem er kynnir þáttanna.
**21.15 Hooking Up** (3.5) Raunveruleikaþáttur þar sem fylgst er með 11 konum í New York borg. Konurnar fara á nokkur stefnumót með mönnum sem þær hafa kynnst í gegnum internetið.
**22.00 Twenty Four** (23.24)
**22.45 Twenty Four** (24.24)
**23.35 Cold Case** (21.24) Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta. Lilly Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu og hefur þarft verk að vinna. Bönnuð börnum.
**00.20 Joan of Arcadia** (11.22) (e)
**01.05 Entertainment Tonight** (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 How Clean is Your House?** (e)
**17.45 All of Us** (e)
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (e)
**20.00 Queer Eye** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Kevin Bacon er stjarna í Hollywood en eldri bróðir hans er ekki með stjörnuútlit. Þeir eru saman í hljómsveitinni The Bacon Brothers og Kevin fær hina fimm fræknu til að flikka upp á bróður sinn og bandið.
▶**21.00 Runaway** (2.13) Bandarísk spennusería um fjölskyldufoður á flótta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Fjölskyldan reynir að fara huldu höfði og Paul heldur til Chicago að reyna að finna sönnunargögn sem hreinsa mannorð hans.
**22.00 C.S.I. - Lokaþáttur** Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Það er komið að dramatískum lokaþætti sjöundu þáttaraðar. Grissom er enn á hælunum á morðingjanum sem skilur eftir agnarsmáar eftirlíkingar af morðstaðnum. Sara hverfur og Grissom verður að segja hinum í rannsóknardeildinni frá sambandi þeirra.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Frank fer í búð með Ray og Ally. Hann fær sér að borða í búðinni þrátt fyrir að það sé bannað. Verslunarstjórinn hellir sér yfir hann og Frank bregst reiður við. Ally verður hrædd við rausið í afa sínum. Ray reynir að ræða við föður sinn um hegðun hans. Frank ætlar að ræða málið við Ally en þorir því varla.
**23.15 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.**
**00.05 Boston Legal** (e)
**00.55 The L Word** (e)
**01.45 Vörutorg**
**02.45 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**
**MEN IN TREES**



Glæný rómantísk þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Í þætti kvöldsins þarf Marin að takast á við frægðina en útvarpsstarfið gerir það að verkum að hún verður fljótt þekkt í litla bænum. Þetta leiðir að sjálfsögðu til meiri athygli frá karlmönnum en það er það síðasta sem hún þarf á að halda.

### ▶ Við mælum með Anna Pihl
**Sjónvarpið kl. 22.25**

Dönsk þáttaröð um erilssamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Anna er einstæð móðir sem deilir íbúð með hommanum Ian. Í fyrsta þættinum er Anna nýbyrjuð á Bellahoj-stöðinni en henni þykir vinnustaðurinn einum of karlmiðaður fyrir sinn smekk.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi 1
**0.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Krossgötur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Sumarsalat
**21.00** Framtíð lýðræðis
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.05** Úlfaldar og mýflugur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**16.05 Evrópumótaröðin** (BMW International Open)

**19.05 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**19.35 Kraftasport - 2007** (Sterkasti maður Íslands 2007)

**22.00 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar. Nördarnir er nýtt raunveruleikasjónvarp þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að loka leiknum við besta lið Svíjóðar. Þættirnir hafa farið sigurför um Norðurlöndin.

**23.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006** Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanförnu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, það sem keppt er um háar fjárhæðir.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Dronningens elefanter 7.00 En rejse blandt svenske haver **7.30** Kontor til lavpris **8.30** På jobjagt **9.00** En dag i haven **9.30** Konen ved sundet **10.00** TV Avisen **10.10** 21 Søndag **10.50** Engle med skidt på vingerne **11.15** OBS **11.20** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **12.20** Søren Ryge direkte **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Snurre Snup **14.35** Monster allergi **15.00** Dragejægerne **15.30** Den lille brandskole **15.55** Gurli Gris **16.00** Når elefantungen er drønforkælet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Miss Marple **18.00** Lille menneske - de første skridt **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Truslen fra solen **20.55** Seinfeld 21.15 OBS **21.20** Dinas Dates **21.50** Generation Sex **4.30** Den hvide sten **5.00** Rasmus Klump **5.10** Morten **5.30** NU er det NU **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Du skal høre mye **7.30** Jukeboks: Jazz **8.30** Oppgangen **9.00** Da varehuset kom til byen **10.00** Siste nytt **10.05** Med hjartet på rette staden **10.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **11.00** Siste nytt 1**1.05** Grønn glede **11.30** Viten om **12.00** Siste nytt **12.05** Norge rundt **12.30** Det store bryllupet **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Sinbads fantastiske reiser **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Sauer **16.40** Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen **17.30** Eit vanleg liv **18.25** Faktor: Minnenes reise **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Vinbaronen **20.20** Drømmen om Katie Melua på havets bunn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Emily? **22.25** Den siste gudfaren **5.30** Sport Jukeboks

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **12.40** Midnattssolens son **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter **15.30** Expedition: Familjeliv **16.00** Charlie och Lola **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Räkna med skägg **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Sommartorpet **18.30** Packat & klart sommar **19.00** Mördare okänd **20.45** Bergen - Kirkenes t/r **21.15** Rapport **21.25** Revy-SM 2006 **21.55** Vita huset **22.40** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


# Taktu þátt í ævintýraleik

sjáðu á www.bt.is hvort lukkumiðinn á Kellogg's pakkanum þínum færir þér vinning

Við bregðum á leik í tilefni af frumsýningu um allt land á Shrek the Third. Finndu límmiða með lukkunúmeri á Kellogg's pökkunum, farðu á www.bt.is og sláðu inn lukkunúmerið. Ævintýralegir vinningar bíða þín.




**1. vinningur:** PANASONIC 42" Plasma veggsjónvarp, PANASONIC upptökutæki með 160 GB hörðum disk og DVD spilari, Playstation 3 leikjatölva, Shrek 3 leikur á PS3. Heildarverðmæti vinnings er um 330.000 kr.

**Fullt af öðrum ævintýralegum vinningum:** Ferð fyrir 2 til Evrópu með Iceland Express, 50.000 króna ferðaávísun og 20.000 úttekt á kreditkorti frá BYR, 300 bíómiðar á Shrek the Third, 20 DVD pakkar með myndunum Shrek og Shrek 2 og 15 ársbirgðir af Kellogg's vörum.

BYR SPARISJÓÐUR
Iceland Express
BT
Kellogg's






Lukkunúmerið þitt er:
Sláðu inn númerið á bt.is og fáðu strax að vita hvort þú hafir unnið. Ævintýralegir vinningar bíða þín!

Leitaðu að lukkumiðanum á Kellogg's pakkanum þínum!

Fíton/SÍA FI021591

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mest á Gufuna en ef það er eitthvað leiðinlegt á henni færi ég mig yfir á aðra stöð.“*

Guðbrandur J. Jezorski gullsmiður.

# Rokkað í kjallaranum hjá Jóa Fel

„Ég heyri í þeim, en sem betur fer æfa þeir bara á kvöldin á meðan við erum ekki við vinnu. Á meðan svo er þá er þetta í góðu lagi,“ segir bakarinn og sjónvarpsmaðurinn Jói Fel en í kjallaranum á húsnæði hans stærsta bakarís við Kleppsveginn hafa vinsælar rokksveitir komið sér upp æfingaaðstöðu.

Hljómsveitirnar sem um ræðir eru Kimono, Jeff Who?, Jan Mayen, Skátar, Beikon og síðast en ekki síst hljómsveitin Æla. Aðspurður sagði Jói að vissulega væri það ekki sérlega hentugt að hafa Ælu í kjallaranum hjá sér. „Ég vona bara að nafngiftin sé ekki tilkomin eftir viðskipti við okkur,“ sagði Jói hlæjandi en sjálfur segist hann mikill rokkari inn við beinið. „Því þyngra sem það er, því betra. Ég fer fram á að þeir bjóði mér ef þeir halda tónleika.“

Það er Gylfi Blöndal, gítarleikari Kimono, sem á heiðurinn af því að hafa skaffað húsnæðið sem um ræðir. „Ég frétti af húsnæðinu í gegnum fasteignabraskara sem ég þekki og það var fullkomið, nema hvað að það var of stórt,“ útskýrir Gylfi en alls er svæðið rúmir 150 fermetrar. Í framhaldinu kom upp sú hugmynd að skipta því í fjögur jafnstór herbergi með því að reisa veggi á milli. „Ég hringdi 2-3 símtöl í vini og kunningja og áður en ég vissi af var búið að fylla húsnæðið af góðum böndum. Þetta var ekki flóknara en það,“ segir Gylfi.



**JÓI FEL** Er mikill rokkari og vill helst hafa það sem þyngst.

Í framhaldinu tóku meðlimir sveitanna sig til og stofnuðu formlega Félag áhugamanna um heimsfrægð. Og í nafni heimsfrægðarinnar var sótt um styrk til Landsbankans - sem fékkst í gegn og gerði þeim kleift að reisa veggi og setja rafmagnsleiðslur um allt húsið. Og nú eru þar fjögur herbergi, þar af eitt með litlu hljóðveri. **- vig**



**ROKKAÐ HJÁ BAKARANUM** Þeir Alex og Gylfi eru meðal þeirra sem æfa í kjallaranum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** fjármunir **6.** klafi **8.** erfiði **9.** eldsneyti **11.** slá **12.** brestir **14.** greinilegt **16.** skammstöfun **17.** lítill sopi **18.** hress **20.** gylta **21.** er utar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** að lokum **3.** hróp **4.** súrsað grænmeti **5.** rá **7.** tónleikar **10.** draup **13.** dýrahljóð **15.** tryggur **16.** hláku **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** góss, **6.** ok, **8.** púl, **9.** kol, **11.** rá, **12.** snark, **14.** skýrt, **16.** þe, **17.** tár, **18.** ern, **20.** sú, **21.** ytri.
**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** óp, **4.** súrkrás, **5.** slá, **7.** konsert, **10.** lak, **13.** rýt, **15.** trúr, **16.** þey, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Elwood.
2. Miðdalsheiði.
3. Seint á ferðinni.


Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



Hvað er að frétta?



Við tæklum sportið_

www.visir.is

vísir


NÝNASISTAR: ELSKA ÍSLAND OG ÍSLENSKA MENNINGU

# Lofræður um landið víða að finna á netinu

Nýnasistar elska Ísland og víða á netsvæðum þeirra má sjá vefsíður og spjallsíður þar sem landið er lofað af meðlimum nýnasista víða í heiminum. Á Stormfront.org mátti meðal annars finna 919 tengla um Ísland sem höfðu verið settir inn á þessu ári. Og þar komu fram hugmyndir um að fjárfesta í bönkum á borð við Glitni og Kaupþing. Jafnframt var lýst yfir áhyggjum yfir stöðu innflytjendamála og ást Íslendinga á evrópskri og bandarískri menningu. „Þeir eiga æðstu menninguna en hafa ekki verið duglegir við að rækta hana,“ skrifar einn notandi. Þá er það talið landinu til tekna að hér sé lítið um litað fólk og að gyðingar séu fámennur minnihlutahópur.

Ef til vill eru það engar nýjar fréttir að nasistar og þeir sem aðhyllast „vald hvíta mannsins“ skuli lofsyngja Ísland. Adolf Hitler og nasistarnir í þriðja ríki Þýskalands voru ákaflega hrifnir af landi og þjóð og fornri sögu landsins. Töldu að hér þrifist hinn hreini aríakynstofn.



**VAFASAMIR ÍSLANDSVINIR** Nýnasistar um allan heim lofa Ísland, Íslendinga og íslenska menningu.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, sagðist ekki hafa orðið var við nærveru erlendra nýnasista en kannaðist vissulega við skrifin á netinu um Ísland. „Þessi menn hafa fengið þessa flugu í hausinn að Íslendingar væru hrein þjóð,“ segir Einar og bætir því við að þeir þyrftu ekki annað en fara á Þjóðminjasafnið og kynna sér fyrsta landnámsmanninn sem er töluvert frábrugðinn Íslendingum í dag. Einar telur helstu forvörnina gegn slíkum hópum vera fræðslu og aftur fræðslu. „Við þurfum að leggja meiri áherslu á að fræða fólk um fordóma og gera það færara í menningarfærni,“ segir Einar og bætir því við að þau í Alþjóðahúsinu hafi ekki upplifað skipulagða nýnasistastarfsemi á Íslandi.

„Þetta hefur ekki komið til skoðunar hjá okkur en þetta væri vissulega eitthvað sem við myndum skoða ef það færi að bera á slíku hér á landi,“ segir Ásgeir Karlsson hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra. Hann sagði lögregluna hér á landi ekki hafa orðið vara við skipulagða starfsemi á borð við þá sem nýnasistar úti í heimi halda í heiðri.



**EKKI Á ÍSLANDI** Einar Skúlason segist ekki hafa orðið var við nýnasista á Íslandi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Bergljót Davíðsdóttir** vandar fyrrum samstarfsfélaga sínum, **Reyni Traustasyni**, ekki kveðjurnar í athugasemdarkerfi Mannlífsvefjarins. Reynir og félagar höfðu þá skrifað slúðurmola um meintar hótanir bifhjólamanna í garð **Ragnheiðar Davíðsdóttur**, systur Bergljótar, eftir að hún fór ófögrum orðum um akstursheguð þeirra. Og lauk slúðurmolanum á þeim orðum „hvort bróðir þeirra systra, **Ásgeir Davíðsson** á Goldfinger, þurfi ekki að grípa í taumana og tryggja að fantarnir á mótorhjólunum verði tuktaðir til“. Færslan fór mikið fyrir brjóstið á Bergljótu sem sendir honum kaldar kveðjur með orðunum; „Það þarf ekki að spyrja að því hvaða ályktanir fólk sem ekki þekkir Ásgeir Þór dregur um atferli hans eftir lestur þessa pistils eins og hann er orðaður,“ skrifar Bergljót og bætir við: „Tilgangurinn er náð og þú hallar þér á koddann á kvöldin sæll og glaður. Vei, þér Reynir; sannur og heill og þér til sóma, ekki satt?“



**Steingrímur Sævarr Ólafsson**, hinn geðþekki ritstjóri Íslands í dag, er farinn í sumarfrí eftir mikla og erfiða törn. Steingrímur tilkynnti lesendum bloggsíðunnar sinnar um þetta á föstudaginn með þeim orðum að það væri líst að vera í sumarfríi. Steingrímur verður hins vegar eflaust bæði vakinn og sofinn á meðan hann sleikir sólina yfir vef Capacent en reikna má með niðurstöðum áhorfskönnunar, sem nú hefur staðið yfir, á allra næstu dögum.



**- fgg**

# Fimm fræknir læknanemar í Kenía

Fimm stúlkur sem stunda nám í læknisfræði í Háskóla Íslands dvelja nú í Kenía þar sem þær vinna hjálparstarf. „Við höfum verið að vinna á heilsugæslustöðvunum í Naíróbí,“ segir Helga Tryggvadóttir, ein hinna fimm fræknu. „Verkefnin sem við fáum eru ýmisleg og við erum að hjálpa til við dagleg störf eins og til dæmis að bólusetja börn og fylgjast með fæðingum og ungbarnaeftirliti. Við höfum einnig fengið að taka þátt í svokölluðu „social service“ en þá er farið út í hverfin og fólk í neyð aðstoðað. Við fengum að fara með þegar einstæðar alnæmissmitaðar mæður voru heimsóttar en þær eru að sjálfsögðu mjög illa settar. Þær búa við hrikalegar aðstæður í kofum sem leka og engin rúm heldur notast þær við fleti á gólfinu. Þær eru náttúrlega ekki með neinar tekjur,“ segir Helga og augljóst að stelpunum hefur brugðið við að sjá ástandið.



**HELGA TRYGGVADÓTTIR** Hún er nú í Kenía ásamt fjórum öðrum stúlkum í læknisfræði í Háskóla Íslands.

„Það er alveg ólýsanlegt að sjá þetta og erfitt að ímynda sér hvernig sé að búa svona. Það er alltaf verið að nauðga stelpunum, engin sturta og enginn matur og á hverju götuhorni sér maður fíkniefnaneytendur að sniffa lím eða reykja hass.“ Að sögn Helgu hefur ferðin þó ekki einungis einkennst af eymd og erfiðleikum heldur hafa stelpurnar líka frá mörgu skemmtilegu að segja. „Manni finnst það ótrúlegt en í borginni eru líka svaka flott hótel og þangað förum við og kælum okkur í sundlauginni og höfum það notalegt. Svo er mjög gaman að keyra út fyrir borgina þar sem eru dýr úti um allt og sebrahestar við veginn eins og kindurnar á Íslandi. Við förum líka og sáum munaðarlausa fíla sem var mjög skemmtilegt,“ segir Helga en þær stelpur eru nú á leiðinni í ferðalag um landið þar sem þær lenda vafalaust í ýmsum skemmtilegum uppákomum. **- bor**

# PHILIPS SUMARTILBOÐ Á LCD OG PLASMA




**Philips 32PFL5322**
32" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus HD myndtækni, 4.000:1 skerpu, Active Control og Contrast Plus, 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

PIXEL PLUS HD · HD ready · HDMI

**TILBOÐ 109.995**
FULLT VERÐ **119.995**




**Philips 32PF9541**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight baklýsing, Digital Natural Motion, HD Ready, Dynamic Contrast og Active Control, 2 x 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi með 1.200 síðna minni og fjarstýringu.

PIXEL PLUS 2 HD · HD ready · ambi light 2 · USB · HDMI

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ **219.995**




**Philips 37PF5321**
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 1.200:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control sem minnkar glampa, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, PC tengingu í gegnum HDMI, textavarpi og fjarstýringu.

HD ready · HDMI

**TILBOÐ 149.995**
FULLT VERÐ **199.995**




**Philips 37PF9641D**
37" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 6.000:1 skerpu, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn og 1 út), textavarpi og fjarstýringu.

HD ready · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD · ambi light 2

**TILBOÐ 249.995**
FULLT VERÐ **339.995**




**Philips 42PF5331**
42" HD Plasma BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · HDMI

**TILBOÐ 149.995**
FULLT VERÐ **199.995**




**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · HDMI

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ **199.995**




**Philips 42PF7621D**
42" HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Progressive Scan og Digital Natural Motion, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

PIXEL PLUS 2 HD · HDMI · USB · HD ready

**TILBOÐ 219.995**
FULLT VERÐ **299.995**




**Philips 42PF9641D**
42" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tenging gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

USB · PIXEL PLUS 2 HD · HDMI · ambi light 2 · HD ready

**TILBOÐ 299.995**
FULLT VERÐ **369.995**

## PHILIPS
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

PIXEL PLUS
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
**GERÐAR KRISTNÝJAR**

## *Ríkar stelpur stuða*

Þegar ég vann á vikublaði spurði ég eitt sinn kollega minn hvort honum þætti eðlilegt að þegar hann skrifaði um karla í nýjum samböndum segði hann að þeir væru „komnir með nýja upp á arminn“ en þegar konur byrjuðu með nýjum manni fylgdi alltaf sögunni að þær væru „lausgyrtar“. Nei, ekki fannst honum þetta normalt svona þegar honum var bent á þetta og ég tók aldrei aftur eftir lausgyrtum konum í skrifum hans. Nú hef ég orðið vör við annars konar kvenfyrirlitningu í fjölmiðlum en það er þegar sagt er að konur séu „frægar fyrir ekki neitt“. Aldrei sé ég svona skrifað um karla. Í Spegli Tímans var fyrsti ástmaður Karólínu af Mónakó aldrei kallaður ónytjungur. Nei, hann var glaumgosi.

**Í** síðasta málverndunarpistli hér í Fbl. tekst Nirði P. Njarðvík, sem ekki er vanur að fetta fingur út í fréttamat blaðsins, að koma því að að birst hefði málvilla í „óþarfa frétt af ríkri stelpu í Bandaríkjunum“. Svona nennir hann að skrifa um Paris Hilton sem jafnan er talin í fararbroddi þeirra kvenna sem eru „frægar fyrir ekki neitt“. Einnig hefur Anna Nicole Smith heitin verið nefnd í þessu samhengi. Báðar eru eða voru þessar fallegu konur erfingjar milljarða og báðar fengust þær m.a. við kvikmyndaleik og fyrirsætustörf auk þess sem gerðir voru um þær raunveruleikaþættir. Frasinn „frægar fyrir ekki neitt“ á því ekki við um þær.

**ÞVÍ** brá mér í brún þegar ég sá fjallað á eftirfarandi hátt um Önnu Nicole í því annars ágæta tímariti 19. júní: „Kona þessi hafði ekkert unnið sér til frægðar annað en að vera kynlífshjálpartæki fyrir karlmenn og gert út á það allt sitt líf.“ Þessi fyrirlitning í garð konunnar á hvergi við og síst í ársriti Kvenréttindafélags Íslands. Og hvað er líka átt við með „allt sitt líf“? Er verið að ýja að því að Anna Nicole hafi verið að glenna sig framan í karlana sem gægðust ofan í vögguna hennar?

**INGIBJÖRG** Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hélt ræðu á fundi Kvenréttindafélagsins 19. júní og sagði þá nokkuð sem hér á vel við: „Allt of margar konur gangast inn á orðræðu karla, þeirra skilgreiningu á því sem skiptir máli, bíða eftir þeim molum sem hrjóta af borði þeirra ef þær eru bara nógu hlýðnar.“

**SLEPPUM** því að gera lítið hver úr annarri. Það verða hvort sem er aðrir til þess. Nýtum síðan tímann sem sparast við það til að styðja hver aðra til dáða.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



